

1512172



Kópavogsbær - umhverfissvið og menntasvið

Skemmtilegar skólalóðir í Kópavogi



**Greinargerð og tillögur starfshóps
um endurgerð skólalóða**

15. mars 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Starfshópur	5
Um gerð, endurgerð og viðhald skólalóða í Kópavogi.....	6
Skýrslan.....	8
Skólinn	8
Skólabyggingarnar	9
Skólalóðirnar og hlutar þeirra	10
Ábendingar frá skólasamfélaginu o.fl.....	12
Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?.....	12
Eldri skólalóðirnar.....	13
Kópavogsskóli	14
Kársnesskóli	18
Kársnesskóli – Skólagerði	20
Kársnesskóli – Vallargerði.....	24
Álfhólsskóli	27
Álfhólsskóli – Digranes	29
Álfhólsskóli – Hjalli.....	33
Snælandsskóli	36
Smáraskóli	40
Lindaskóli	44
Salaskóli	48
Nýrri skólarnir.....	52
Vatnsendaskóli	53
Hörðuvallaskóli	57
Mat á lóðum m.t.t. ástands lóða, leiktækja og búnaðar	61
Tillögur starfshóps um forgangsroðun á endurgerð skólalóða	63
Tillögur starfshóps um stefnumörkun um körfuboltavelli, hreystivelli og hjólabrettasvæði.....	64
Körfuboltavellir	64
Hreystivellir	65

Hjólabrettasvæði	65
Endurnýjun gervigrass sparkvalla (battavalla) og gúmmíkurls á þeim	66
Hjólafærni braut eða -svæði.....	66
Skautasvell.....	66
Lokaorð.....	67
Ljósmyndir	67
Heimildir og vinnugögn	68
Fylgiskjöl	69
1. Bréf til skólustjóra dags. 1.12.2015.	69
2. Innsend gögn frá skólum dags. í janúar – febrúar 2016.....	70

Inngangur

Aðdraganda þessa verkefnis má rekja til þess að í málefnasamningi um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Kópavogs kjörtímabilið 2014-2018 segir í kaflanum um skóla- og menntamál:

Skólar í Kópavogi eiga að halda sér í fremstu röð. Til þess að svo megi verða þarf að skerpa á ýmsum þáttum innan skólanna sem snúa að náminu en um leið tryggja að börnunum líði vel í skólanum og að hugað sé að velferð þeirra í hvívetna. Faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði verður elft, farið verður í stefnumótandi verkefni um leið og ráðist verður í framkvæmdir á ýmsum sviðum.

Eitt þessara verkefna er skemmtilegri skóla- og leikskólalóðir.

Í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2016 eru alls 80 millj.kr. fjárveitingar ætlaðar í endurgerð lóða og gert er ráð fyrir að svo verði næstu árin þar sem verkefnið er yfirgripsmikið. Fjárveitingarnar eru aðskildar, 30 millj.kr. í endurgerð leikskólalóða og 50 millj.kr. í endurgerð skólalóða. Á leikskólalóðum hefur verið unnið að endurgerð undanfarin ár og fyrir liggur hver verkefnið verða í ár og er vinna við undirbúning þeirra í fullum gangi. Þetta er ekki tilfellið með grunnskólalóðirnar og því er undirbúningsvinnan þar meira aðkallandi.

Með „skemmtilegri“ lóðum er hér ekki aðeins átt við að gera lóðirnar fjölbreyttari og auka notagildi þeirra fyrir alla aldurshópa, heldur einnig að sinna meiriháttar viðhaldi og eðlilegri endurgerð lóðanna sjálfra og búnaðar á þeim. Þetta getur m.a. náð til leiktækja o.þ.h. búnaðar, íþróttavalla og –tækja, breytinga á yfirborði lóða, lýsingar og girðinga svo nokkuð sé nefnt. Í sumum tilvikum getur verið um meiriháttar endurskipulagningu lóða að ræða.


Tilgangur þessarar skýrslu er að hún nýtist við þá vinnu sem framundan er á skólalóðunum, bæði sem stöðumat um hvernig ástand lóðanna er nú, yfirlit um það sem hefur verið gert undanfarið á lóðunum og áætlun um þau verkefni sem ráðist verður í næstu árin.

Skýrslan er eingöngu um grunnskólalóðirnar en reiknað er með að sambærileg skýrsla um leikskólalóðirnar liggi fyrir haustið 2016.

Skólar í Kópavogi eru 9 talsins en lóðirnar eru 11, auk Kórsins. Verkefnið nær þó ekki til þeirra allra þar sem nýjustu lóðirnar tvær, við Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla, eru enn í byggingu og því ekki um endurgerð þeirra lóða að ræða heldur nýframkvæmd. Í skýrslunni er þó einnig að finna umfjöllun um þessar lóðir, enda mun vinnan nýtast við gerð þeirra lóða á sama hátt og endurgerð hinna.

Mynd 1. Skólalóðir í Kópavogi í aldursröð:

1. Kópavogsskóli (1949), 2. Kársnesskóli – Skólagerði (1957), 3. Álfrólsskóli – Digranes, áður Digranesskóli (1963), 4. Kársnesskóli – Vallargerði, áður Þinghólsskóli (1971), 5. Snælandsskóli (1974), 6. Álfrólsskóli – Hjalli, áður Hjallaskóli (1984), 7. Smáraskóli (1994), 8. Lindaskóli (1998), 9. Salaskóli (2001), 10. Vatnsendaskóli (2005), 11. Hörðuvallaskóli (2006).



Starfshópur

Sviðstjórar umhverfissviðs og menntasviðs skipuðu í nóvember 2015 starfsmenn sviðanna í starfshóp sem ætlað var að halda utan um verkefnið. Ákveðið var að Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri stýrði hópnum en aðrir voru:

Björg Baldursdóttir, verkefnastjóri grunnskóladeildar, menntasviði

Gunnar Guðmundsson, íþróttafulltrúi, menntasviði

Jón Ingi Guðmundsson, verkefnastjóri, umhverfissviði

Ragnheiður Hermannsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar, menntasviði

Sólveig H. Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur, umhverfissviði

Starfshópnum var m.a. ætlað að kynna sér ástand lóða, meta þörf á endurgerð þeirra og gera tillögur um forgangsroðun verkefna til næstu ára. Kynna átti málið í nefndum og ráðum og mikilvægt var að ákvörðun um framkvæmdir 2016 lægi fyrir fljótlega til að nægur tími gefist til undirbúnings. Einnig átti starfshópurinn að móta stefnu um staðsetningu körfuboltavalla, hreystivalla, hjólabrettasvæða o.fl. í bænum.

Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn 24. nóvember 2015 og var fundað reglulega síðan, alls tólf sinnum, auk þess sem mikið var unnið í málinu milli funda.

1. desember 2015 var sent bréf til skólastjóra, sjá fylgiskjal á bls. 69, þar sem verkefnið var kynnt og að ætlunin væri að verkefnið væri unnið í samstarfi við skóla og foreldrafélög. Þar var óskað eftir ábendingum og stuttri greinargerð frá hverjum skóla um hvað er talið brýnast að gera á hverjum stað. Skilafrestur var til 25. janúar 2016. Í byrjun desember 2015 mætti garðyrkjustjóri á mánaðarlegan fund skólastjóra og kynnti málið.

Starfsmenn tóku saman allar upplýsingar frá undanförunum árum sem þeir vissu að tiltækar væru á umhverfis- og menntasviði og vörðuðu lóðirnar. Um var að ræða kvartanir, ábendingar eða hugmyndir um það sem betur mætti fara, hvort heldur er frá skólastjórnendum, nemendum, foreldrum eða öðrum og ábendingar sem komið hafa á fundum vegna hverfisáætla. Einnig ýmiskonar úttektir og margt fleira sem tengist skólalóðunum.

Á fjórum fundum hópsins var farið yfir allt það helsta sem viðkemur öllum 11 skólalóðum Kópavogsbæjar.

Aðalheiður E. Kristjánsdóttir landslagsarkitekt, FÍLA, hjá Landmótun sf. mætti á einn fundinn og hélt áhugaverða kynningu um endurgerð og hönnun skólalóða, t.d. varðandi reglugerðir, hvað ber að hafa í huga við hönnun og endurgerð, hvað breyst hefur í þessum málum á sl. 20 árum og hvað hlutirnir kosta.

Óskir og ábendingar frá skólum skiluðu sér að mestu áður en fresturinn sem gefinn var rann út í lok janúar. Vinnuhópurinn fór yfir og kynnti sér þessi gögn milli funda. Sjá fylgiskjöl á bls. 70-75.

Á tímabilinu 18.2.-10.3. mætti garðyrkjustjóri á fundi leikskólanevndar, skólanevndar, íþróttaráðs og umhverfis- og samgöngunevndar, kynnti verkefnið, svaraði fyrirspurnum og tók við ábendingum.

Á sama tíma var hafin vinna við að skilgreina brýnustu verkefni eftir þeim upplýsingum sem fyrir lágu og taka saman og greina tölulegar upplýsingar. Við þá vinnu fór aðferðafræðin með mælikvörðum og drög að forgangsroðun framkvæmda að taka á sig mynd. Sjá bls. 60-61.

Einnig voru á þessum tíma ræddar hugmyndir og gerðar tillögur um stefnumörkun um staðsetningu körfuboltavalla (eins og völlurinn við Smáraskóla sem tekinn var í notkun 2015), hreystivalla, hjólabrettasvæða o.fl. Rætt hefur verið um hjólafernibrautir og skautasvell. Sjá um þau mál á bls. 63-65.

Um gerð, endurgerð og viðhald skólalóða í Kópavogi

Skólalóðir eru nauðsynlegur þáttur í skólastarfi og frístundum en gegna að auki mikilvægu hlutverki í hverfum bæjarins þar sem þær nýtast sem útivistarsvæði. Þær eru því með best nýttu svæðum bæjarins allan ársins hring og þarf að hafa það í huga, m.a. við hönnun lóðanna.

Það er margt sem taka þarf tillit til þegar kemur að hönnun eða endurhönnun skólalóða. Leiksvæði og –tæki þurfa að sjálfsgöðu að vera örugg en jafnframt styrkja félags- og hreyfiproska barnanna. Fjölbreytni þarf að vera til staðar til að mæta ólíkum áhugasviðum. Skólalóð er mjög mikilvæg í íþróttakennslu og er nauðsynlegt að hafa það í huga við val á leiktækjum og búnaði. Ekki má gleyma aðstöðu til útikennslu og umhverfisfræðslu, sérstaklega ef náttúrulegt svæði er ekki í nálægð við skólann. Síðast en ekki síst þarf hönnunin að taka mið af áherslum hvers skóla og vera unnin í samstarfi við þá.

Segja má að skólalóðir séu ekki gerðar í eitt skipti fyrir öll, þar sem hvorki lóð, leiktæki né annar búnaður endist að eilífu. Eðlilegt er að leiktæki endist í 15-20 ár með góðu viðhaldi en sá tími getur verið mun styttri ef álag er mikið.

Á tíunda áratug síðustu aldar, og nokkur ár fyrir og eftir þann áratug, var geysimikil vinna og fjármagn lögð í gerð og endurgerð skólalóða í Kópavogi. Gerð var úttekt á lóðunum árið 1988 og áætlun um endurbætur sem unnið var eftir árum saman. Verkefnið náði til 6 elstu lóðanna, sem eru í aldursröð (með gömlu nöfnunum): Kópavogsskóli, Kársnesskóli, Digranesskóli, Þinghólsskóli, Hjallaskóli og Snælandsskóli. Haustið 1994 var tekið saman yfirlit um stöðu verkefnisins en það árið hafði Smáraskóli bæst við. Vinnan fólst að miklu leyti í gerð lóðanna í fyrsta skipti eða algerri endurgerð þeirra elstu. Allar lóðirnar voru hannaðar af landslagsarkitektum. Haustið 2001 tók garðyrkjustjóri saman minnisblað um verkefnið sem þá var langt komið. Þar var m.a. dreginn saman kostnaður fyrir árin 1987-2001 ásamt áherslum hvers árs, þ.e. hve mikið hafði verið unnið á hverju ári á hverri lóð. Einnig voru í þessari samantekt árið 2001 teknar saman áherslur og áfangaskiptingar lóðagerðar við nýju skólana, sem þá voru Smáraskóli, Lindaskóli og Salaskóli. Við gerð þessarar skýrslu árið 2016 voru þessar upplýsingar uppfærðar með því að færa inn hverjar áherslur hafa verið á framkvæmdum á skólalóðum á tímabilinu 2002-2015, sjá töflu 1. Jafnframt var kostnaður árána 1987-2001 framreiknaður m.v. byggingarvísitölu í júlí hvert ár. Niðurstaðan var að á þeim 15 árum var unnið fyrir um 17,6 – 83,2 millj. kr. á hverju ári á núvirði, alls tæpar 613,3 millj. kr., eða tæpar 40,9 millj. kr. á ári að jafnaði, á verðlagi 2015.

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Kópavogsskóli	x	x	xxxx	x	x		x	xx	x	xxx	xx							x											x
Kársnesskóli				xxxx							xxx	xxx					x									x		x	
Þinghólsskóli								xx						xxx	xx	xx	x												
Digranesskóli	xxx	xx		xxx		x	xx	xxx				xx	xxxx	xxx										xxx				x	
Hjallaskóli	x	xxx	x		xx	xxxx	x			xx				x	xx		xx		xxx	x									
Snælandsskóli	x	xxx	x			x	xx	xxxx	xx						xxx	xx	xx												
Smáraskóli								xx			xxx	xxx	xxxx		xxx	xx	x									x			xx
Lindaskóli												xx	x	xxx	xxxx	xxx	xxx	x	xx							x		x	xx
Salaskóli															xx	xxxx	xxxx	xxxx	xxx	xxx	xx	xx				x		x	x
Vatnsendaskóli																			xx	xxxx	xxx	xx	x		xx	xxx	xx		xx
Hörðuvallaskóli																			xxxx	xxx	xxxx	x	xx	xx			xx	xxx	

Tafla 1. Áherslur í gerð og endurgerð skólalóða í Kópavogi á tímabilinu 1987-2015. Eins og sést var mikið gert á skólalóðum eldri skóla bæjarins á fyrri hluta tímabilsins en lítið á því seinna þar sem áherslan var skiljanlega á lóðargerð við nýju skólana.

Salaskóli

í lagi athugasemdir

Rekstrarskoðun framkvæmd (dags.): _____ af: _____

Hreinlaði	<input type="checkbox"/>	
Gerð		
Yfirborð leiksvæði	<input type="checkbox"/>	Dyggismöl
Hellubóg svæði	<input type="checkbox"/>	
Malbúð svæði	<input type="checkbox"/>	
Tímberpallar, 8 stk.	<input type="checkbox"/>	
Típpur	<input type="checkbox"/>	
Háblinn veggur	<input type="checkbox"/>	
Bílastæði/hreylihaml.	<input type="checkbox"/>	
Grassvæði	<input type="checkbox"/>	
Grókursvæði	<input type="checkbox"/>	
Grjót	<input type="checkbox"/>	
Varnargirðingar	<input type="checkbox"/>	
Girðingar	<input type="checkbox"/>	
Handrób	<input type="checkbox"/>	
Lýsing	<input type="checkbox"/>	

Leiktæki og búnaður	Gerð	Upps. ári	
01 Róla 1.	Barnasm.	<input type="checkbox"/>	
02 Róla 2.	Barnasm.	<input type="checkbox"/>	
03 Róla 3.	Barnasm.	<input type="checkbox"/>	
04 Róla 4.	Barnasm.	<input type="checkbox"/>	
05 S-hymingsróla	Krumma	<input type="checkbox"/>	
06 Kúluhrind	Lappset	<input type="checkbox"/>	
07 Kúluveggur	Lappset	<input type="checkbox"/>	
08 Jáfnuðsgjall 2x5 stk.	Krumma	<input type="checkbox"/>	
09 Gormjálfnuðsgjall	Barnasm.	<input type="checkbox"/>	
10 Snúningstæki	Projudic	<input type="checkbox"/>	
11 Gormtæki	Lappset	<input type="checkbox"/>	
12			
50 Gerfgrasvöllur		<input type="checkbox"/>	
51 Kórta, 2 stk.	Barnasm.	<input type="checkbox"/>	
52 Kórta, 4 stk.	Projudic	<input type="checkbox"/>	
53 Mörk, 2 stk.		<input type="checkbox"/>	
54 Bekki, stk.?		<input type="checkbox"/>	
55 Bóð m. bekkjum, 3		<input type="checkbox"/>	
56 Hólagindur, 40 stk.		<input type="checkbox"/>	
57 Fínastíng		<input type="checkbox"/>	
58 Rúsastíllar, 2 stk.		<input type="checkbox"/>	
59 Skúli með nafni		<input type="checkbox"/>	
60 Skúli vegna útblásturs		<input type="checkbox"/>	
61			



Mynd 2. Dæmi um rekstrarskoðunareyðublað fyrir skólalóð, framhlið og bakhlið.

Viðhald og hirðing skólalóða og annarra stofnanalóða bæjarins er á vegum umhverfissviðs. Fjárveitingar koma frá eignasjóði sem rekur fasteignir Kópavogsbæjar en framkvæmdin hefur verið í höndum garðyrkjustjóra og garðyrkjudeildar þjónustumiðstöðvar (áður nefnt áhaldahús). Unnið er með hliðsjón af reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942 / 2002, t.d. varðandi innra eftirlit. Þrisvar sinnum á ári er farið yfir allar lóðir með gátlista í sk. rekstrarskoðun, sjá mynd 2., þar sem athugað er slit og skemmdir á lóð, tækjum og búnaði og metin þörf á viðgerðum og öðru viðhaldi. Á nokkurra ára fresti er fenginn viðurkenndur og hlutlaus utanaðkomandi aðili í sk. aðalskoðun. Slík skoðun var síðast framkvæmd á grunnskólalóðum Kópavogsbæjar í apríl 2015 og áður árin 2013, 2010 og 2005. Viðhald hefur verið allgott um nokkurt skeið en takmarkað fjármagn hefur fengist til endurnýjunar tækja og meiriháttar viðhalds lóða undanfarinn rúman áratug, með nokkrum undantekningum þó.

Á flest öllum eldri skólalóðanna er kominn tími á endurnýjun leiktækja á næstu árum. Samhliða því þarf að endurnýja yfirborðsefni á öryggissvæðum þeirra og vinna að ýmsum öðrum nauðsynlegum úrbótum. Áður fyrr var nær eingöngu notuð sk. öryggismöl til falldempunar undir leiktækin en í seinni tíð hafa gúmmihellur, gervigras og sambærileg efni nær alveg tekið við. Einnig hefur mikil framþróun átt sér stað í hönnun lóða, gerð leiktækja og annars búnaðar.

Nauðsynlegt er að vanda vel til endurgerðar lóða þar sem bæði leiktæki, búnaður og yfirborðsefni eru ákaflega dýr. Sem dæmi um kostnað má nefna að hver fermetri af malbikuðu svæði kostar um 10.000 kr. með jarðvinnu, samsvarandi hellulagt svæði kostar um 15.000 kr. og fermetri með gúmmihellum sem fallvörn um 18.000 kr. Gervigras með fallvörn kostar álíka með jarðvinnu en steipt yfirborð 10-12.000 kr. pr. m².

Venjuleg róla kostar um 600.000 kr. og hlaupaköttur (einnig kallað aparóla) kostar um 2.500.000 kr. Stór fjölnota leiktæki geta kostað allt að 8.000.000 kr. en þau minni um 3.000.000 kr. Innifalið í verði eru uppsetning og nauðsynleg fallvarnarefni, en jarðvinna er ekki innifalin.

Skýrslan

Í desember 2015 setti starfshópurinn saman ramma um hvað skyldi taka fyrir í greinargerðum um hverja skólalóð, þannig að alstaðar væru sömu atriði tekin fyrir á sambærilegan hátt. Fljótlega varð ljóst að vinnan við þetta myndi vinda upp á sig og verða yfirgripsmikil. Útkoman er sú að hér eru miklar upplýsingar komnar saman á einn stað, þar á meðal sögulegt yfirlit um grunnskólana sem ekki hefur áður verið til.


Ætlunin er að þessi skýrsla verði einskonar grunngagn sem nýtast mun á margan hátt næstu árin í ýmsu því sem snýr að grunnskólum og grunnskólalóðum Kópavogsbæjar.

Hér á eftir er samantekt á helstu atriðum sem fjallað er um í greinargerðunum.

Skólinn

Hver greinargerð hefst á helstu upplýsingum um hvern skóla, hvenær hann tók til starfa og hver mörk skólahverfisins eru. Einnig er fjallað um stefnu skólans og áherslur, einkunnarorð o.fl.

Einnig er yfirlit yfir fjölda nemenda. Það tekur til heildarfjölda nemenda árin 2000-2015 og fjölda eftir bekkjum árin 2011-2015. Þá er umfjöllun um líklegar fjöldbreytingar á næstu árum þar sem stuðst er við fjölda barna í viðkomandi árgöngum sem nú eru búsett í skólahverfinu skv. Þjóðskrá og tekið mið af spá um íbúapróun í hverfinu skv. Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.



Tafla 2. Fjöldi nemenda í grunnskólum Kópavogs 2000-2015. Talið neðan frá: Kópavogsskóli, Kársnesskóli, Álfhólsskóli, Snælandsskóli, Lindaskóli, Salaskóli, Vatnsendaskóli og Hörðuvallaskóli.

Nemendur í grunnskólum Kópavogs eru alls 4.709 talsins veturinn 2015-2016, 3.380 í eldri skólunum sjö og 1.329 í tveimur nýjustu, þ.e. Vatnsendaskóla og Hörðuvallaskóla. Í töflu 2. er að finna heildarfjölda nemenda eftir árum frá aldamótum.

Hér er einnig talinn upp heildarfjöldi starfsfólks hvers skóla veturinn 2015-2016 sem og fjöldi stöðugilda. Alls starfa 825 manns í grunnskólum Kópavogs í 639 stöðugildum, sjá töflu 3.

	Kópavogs-skóli				Kársnesskóli			Álfhólsskóli			Snælands-skóli	Smára-skóli	Linda-skóli	Sala-skóli	SAMTALS	Vatnsenda-skóli	Hörðuvalla-skóli	SAMTALS
	S.gerði	V.gerði	samtals		Digranes	Hjalli	samtals											
Nemendur alls	316	237	311	548	263	398	661		434	372	496	553	3.380	550	779	1.329		
Nemendur, 1.-4. bekkur	130	237	237		263	283			184	153	177	235	1.379	253	360	613	46%	
Nemendur, 5.-7. bekkur	93		165	165		228	228		123	105	166	181	1.061	172	250	422	32%	
Nemendur, 8.-10. bekkur	93		146	146		170	170		127	114	153	137	940	125	169	294	22%	
Starfsfólk, alls	69			95			147		82	66	77	88	624	83	118	201		
Stöðugildi	52,6			71,6			115,5		60,5	50	61,4	66,8	478	68,9	91,4	160		

Tafla 3. Fjöldi nemenda í grunnskólum Kópavogs 2015-2016 eftir aldri, ásamt fjöldi starfsfólks og stöðugilda.

Skólabyggingarnar

Næsti hluti er um skólahúsnæðið. Hér er rakin í stuttu máli lausleg byggingarsaga skólanna, tímasetning áfanga og viðbygginga. Einnig er fjallað um lausar kennslustofur o.þ.h.

Tekið var saman flatarmál skólahúsnæðis skv. FMR (Fasteignamati ríkisins) og borið saman við gögn Kópavogsbæjar. Í nokkrum tilvikum þurfti að leiðrétta tölur FMR. Alls er flatarmál eldri skólanna sjö 45.725 m² í 11 byggingum og 3 lausum kennslustofum. Í tveimur nýjustu skólunum eru 15.591 m² skólahúsnæðis í þremur byggingum og 7 lausum kennslustofum. Sjá nánar töflu 4. um flatarmál skólabygginga. Hafa verður í huga ef nota á þessar tölur í samanburði milli skóla að sumstaðar eru íþróttahús meðtalin og annarstaðar ekki.

Í þessum kafla er einnig greint frá því ef áætlanir eða hugmyndir eru um frekari viðbyggingar eða endurnýjun skólahúsnæðisins, fyrirþjánlega þörf á lausum kennslustofum o.þ.h.

	Kópavogs-skóli				Kársnesskóli			Álfhólsskóli			Snælands-skóli	Smára-skóli	Linda-skóli	Sala-skóli	SAMTALS	Vatnsenda-skóli	Hörðuvalla-skóli	SAMTALS
	S.gerði	V.gerði	samtals		Digranes	Hjalli	samtals											
Nemendur 2015-2016, alls	316	237	311	548	263	398	661		420	372	496	553	3.366	550	779	1.329		
Skólahúsnæði í m²	4.728	4.153	4.642	3.525	4.995	6.032	5.084	6.471	6.095	45.725	6.678	7.323	14.001	6.678	7.323	14.001		
"Raunstærð" skólalóðar í m²	20.350	15.100	9.550	19.120	17.850	13.630	15.510	23.400	22.050	156.560	26.720	19.280	46.000	26.720	19.280	46.000		
A. Skólahúsnæði, grunnflötur í m ²	2.610	2.060	2.320	2.900	4.630	2.790	2.450	3.620	3.120	26.500	6.860	3.890	9.750	6.860	3.890	9.750	21%	
B. Bilastæði og aðkoma í m ²	2.640	2.030	830	2.610	1.430	780	250	3.350	2.280	16.100	3.600	2.890	6.490	3.600	2.890	6.490	14%	
C. Malbikuð og hellulögð svæði í m ²	9.940	6.870	3.840	6.840	5.280	7.000	5.610	7.800	8.030	60.210	7.110	5.740	12.850	7.110	5.740	12.850	28%	
D. Malarsvæði í m ²	630	260	290	850	1.280	580	410	1.010	2.090	7.400	100	0	100	100	0	100	0%	
E. Gúmmi- og gerfgrasyfirborð í m ²	590	850	590	590	590	0	460	1.010	590	5.270	970	1.320	2.290	970	1.320	2.290	5%	
F. Gras- og gróðursvæði í m ²	3.940	3.030	1.290	6.430	4.640	2.480	6.330	6.440	5.580	40.160	2.280	4.440	6.720	2.280	4.440	6.720	15%	
G. Annað í m ²	0	0	390	0	0	0	0	170	360	920	0	0	0	0	0	0	0%	
H. Ófrágangin lóð í m ²	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6.800	1.000	7.800	6.800	1.000	7.800	17%	
Nettóstærð (svæði C.-H.) samt.	15.100	11.010	6.400	13.710	11.790	10.060	12.810	16.430	16.650	113.960	17.260	12.500	29.760	17.260	12.500	29.760	65%	
m² af nettóstærð lóðar pr. nem.	48	46	21	52	30	24	34	33	30	34	31	16	22	31	16	22	M	

Tafla 4. Fjöldi nemenda í grunnskólum Kópavogs 2015-2016, flatarmál skólahúsnæðis, skipting „raunstærðar“ lóðar, nettóstærð lóðar og fjöldi m² á hvern nemanda.

Skólalóðirnar og hlutar þeirra

Kaflinn um lóðirnar er skiljanlega ítarlegastur. Byrjað er á að nefna hver lóðarstærðin er skv. FMR og síðan hver „raunstærð“ lóðar sé, þ.e. það sem í raun er eðlileg afmörkun þess svæðis sem fer í starfsemi skólans, óháð því hvar lóðarmörk hafa verið dregin. Því næst er farið í grófmælingu á helstu hlutum þessarar „raunstærðar“ lóðar, sjá töflu 4. Með því að draga frá flatarmál skólabygginga, bílastæða, aðkomu og sorpgerða er fengin út nettóstærð lóðarinnar og er það í flestum tilvikum það svæði sem nemendur hafa til umráða. Alls er „raunstærð“ lóða eldri skólanna sjö 156.560 m² en nettóstærð 113.960 m². Í tveimur nýjustu skólunum er „raunstærðin“ 46.000 m² en nettóstærð 29.760 m². Við nýju skólana tvo eru 7.800m², eða um 17% lóðanna, ófrágengnir. Með því að skoða hve marga fermetra af nettóstærð lóðar hver nemandi hefur er kominn einn mælikvarðanna sem notaður var við forgangsröðun vegna endurbóta. Sjá niðurstöðu þeirrar greiningar í töflum 39 og 40.

Þá er farið í lauslegt yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóðunum undanfarna áratugi, sem í mörgum tilvikum er frá upphafi skólans, hvað var gert og hvenær.



Mynd 3. Kastali við Snælandsskóla. FB



Mynd 4. Gúmmíhellur sem undirlag (falldempun) klifurtækis við Vatnsendaskóla. FB

Næst er yfirlit yfir leiksvæði með leiktækjum á skólalóðunum, hvenær svæðin voru gerð og hvers konar leiktæki eru á þeim. Fjöldi leiktækja á 9 lóðum eldri skólanna er alls 96. Skoðaður var fjöldi nemenda á hvert leiktæki og reyndist meðaltalið á eldri skólunum vera um 35. Meðaltalið á nýrri skólalóðunum tveimur var 63. Einnig var þetta skoðað út frá mismunandi eðli og gerð leiktækjanna og þeim gefin stig. Þannig fékk einföld jafnvægisslá 1 stig, venjuleg róla 3 stig og kastali með rennibraut eða sambærilegt 5 stig. Öll leiktæki fengu þannig 1-5 „leiktækjastig“. Það hversu margir nemendur voru á bak við hvert leiktæki og hvert leiktækjastig eru tveir aðrir mælikvarðar sem notaður var við forgangsröðun. Jafnframt var skoðað hve stór hluti leiktækjanna var eldri en 12 ára og svo aftur hve stór hluti var eldri en 18 ára. Sjá töflu 40.

Svo til öll leiksvæði á eldri lóðunum eru með öryggismöl sem falldempun en á nýju lóðunum eru varla neitt annað en gúmmíhellur og –mottur notað sem undirlag við leiktæki.

Tvær gerðir eru af körfuboltavöllum á skólalóðunum, annars vegar hefðbundna gerðin með malbikuðu undirlagi, sjá mynd 5, og hins vegar nýja gerðin með plastundirlagi, sjá mynd 62. Á öllum skólalóðunum eru einnig stakar körfur sem flokkast ekki sem körfuboltavellir. Alls eru körfur af ýmsum gerðum á skólalóðum bæjarins 45 talsins.



Mynd 5. Körfuboltavöllur við Kópavogsskóla. FB

Á skólalóðum eru nokkrar gerðir af sparkvöllum. Sparkvellir lagðir gervigrasi með böttum sem í daglegu tali eru kallaðir „battavellir“, sparkvellir með malbikuðu undirlagi, einn sparkvöllur með malarundirlagi er eftir á skólalóð og einn annar sparkvöllur er með gervigras sem undirlag. Að auki er á sumum lóðum lítil hokkímörk sem notuð eru í boltaleikjum og stök stærri boltamörk. Alls er boltamörk á skólalóðunum 60 að tölu.



Mynd 6. Battavöllur við Vatnsendaskóla. FB

Í lóðarhluta skýrslunnar er einnig talinn upp fjöldi bílastæða við hvern skóla og staðsetning þeirra, einnig bílastæði hreyfihamlaðra, fjöldi þeirra og staðsetning. Úttekt á þeim bílastæðum var gerð af umhverfissviði sumarið 2014. Bílastæði við eldri lóðirnar níu eru alls 512, þar af 13 fyrir hreyfihamlaða. Við nýrri lóðirnar tvær eru 136 bílastæði, þar af 4 fyrir hreyfihamlaða og eru þá bílastæði við Kórin ekki meðtalin.



Mynd 7. Hjólastæði við Salaskóla. FB

Fjöldi reiðhjólstæða sem er á hverri lóð er einnig talinn upp en að meðaltali eru 6,1 nemendur um hvert hjólstæði við eldri skólana en 5,2 nemendur við þá nýrri. Alls eru 812 hjólstæði við grunnskólana. Á svo til öllum lóðum er um að ræða hefðbundna gerð hjólagrinda en stefna ætti að því að skipta þeim út fyrir nýrri gerð sem skemmir síður hjólin.

Einnig er nefnd lýsing á lóðum, einkum ef hún mætti vera betri. Rætt hefur verið um að láta gera heildarúttekt á lýsingu allra skólalóðanna í tengslum við þetta verkefni.

Önnur atriði sem nefnd eru í lóðarhlutanum er t.d. snjóbræðslulagnir, aðgengismál (t.d. vegna sjónskertra), girðingar og ástand þeirra, sorpgerði og staðsetning þeirra og annað sem vert er að taka fram sem viðkemur lóðinni.

Ábendingar frá skólasamfélaginu o.fl.

Eins og áður hefur komið fram var í byrjun desember 2015 sent bréf til skólastjóra grunnskólanna þar sem verkefnið var kynnt og óskað eftir ábendingum og stutttri greinargerð frá hverjum skóla um hvað er talið brýnast að gera á hverjum stað. Tekið var fram að mikilvægt væri að greinargerðin yrði unnin í samráði við skólaráð og stjórnir foreldrafélaga. Óskir og ábendingar frá skólunum skiluðu sér að mestu áður en fresturinn sem gefinn var rann út í lok janúar. Misjafnt var hvernig samráði innan skólasamfélagsins (skólastjórnendur, kennarar, nemendur, foreldrafélag, skólaráð) var háttað. Í umfjöllun um hverja lóð er að finna útdrátt úr innsendum ábendingum og óskum skólanna. Öll gögn sem bárust eru óbreytt í fylgiskjölum á bls. 70-75 .

Ábendingar um skólalóðir sem bárust, m.a. frá nemendum og foreldrum, við vinnu við hverfisáætlanir Smárans, Fífuhamms og Kársness voru einnig skoðaðar. Þær reyndust mjög samhljóða fyrrnefndum athugasemdum skólasamfélagsins.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?


Í lok greinargerðar um hverja lóð eru tekin saman verk sem að mati starfshópsins þyrfti að fara í á næstu árum til að uppfylla það sem verkefnið gengur út á. Aðeins í fáum tilvikum liggur fyrir hönnun og / eða kostnaðaráætlun um verkin og oftast er í raun óljóst hvert verkið verður í raun og hvað það muni kosta. Þó er reynt með grófri kostnaðaráætlun að gefa hugmynd um nokkur verkanna í mesta forgangi. Sum verkanna sem hér eru talin upp eru í raun viðhaldsverk og er lagt til að þau verði kostuð af eignasjóði á næstu árum. Stærstu verkin sem myndu falla undir verkefnið um skemmtilegar skólalóðir eru tekin saman síðar í skýrslunni í tillögum um forgangsröðun framkvæmda.



Mynd 8. Malarvöllur við Hjallaskóla vorið 2000. Sparkvöllir með malaryfirborði voru áður fyrr algengir á skólalóðum bæjarins en nú er aðeins einn slíkur eftir, einmitt við Álfhólsskóla – Hjalla. FB

Eldri skólalóðirnar

Allar eldri skólar bæjarins eru hluti af verkefninu um endurgerð skólalóða. Til eldri skólalóðanna í Kópavogi teljast hér allar lóðir í hverfunum Kársnesi, Digranesi, Smáranum og Fífuhvammi, þ.e. allar nema lóðir Vatnsendaskóla og Hörðuvallaskóla sem eru í Vatnsendahverfi. Ástæðan fyrir því er sú að tvær síðast nefndu lóðirnar eru enn í byggingu og er því ekki um endurgerð að ræða heldur nýframkvæmd.



Mynd 9. Hverfi Kópavogs skv.
Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

1. Kársnes (vesturbær)
2. Digranes (austurbær)
3. Smárinn
4. Fífuhvammur (Lindir og Salir)
5. Vatnsendi (Kórar, Hvörf og Þing).

Kópavogsskóli

Kópavogsskóli var stofnaður árið 1949 og er fyrsti skólinn í Kópavogi. Hann stendur við Digranesveg 15 og afmarkast skólahverfið af Hafnarfjarðarvegi í vestri, Nýbýlavegi í norðri, Bröttubrekkunni og Digranesvegi í austri og Fífuhvammi í suðri.




Stefna skólans byggir á einkunnaroðum hans sem eru: vinátta, virðing, vellíðan. Áherslur skólans birtast í sex gildum sem hann hefur sett sér. Megininntak þeirra er áhersla á góð samskipti og samvinnu jafnframt því að komið sé til móts við nemendur bæði hvað varðar líðan og nám.

Fjöldi nemenda skólaárið 2015-2016 er 316. Nokkur fjöldi barna í hverfinu sækir Smáraskóla. Nemendum í Kópavogsskóla fækkaði frá aldamótum allt fram til ársins 2014 en þá tók að fjölga aftur. Spár gera ráð fyrir en frekari fjölgun næstu árin og að árið 2020 verði nemendur um 340 talsins.

Starfsfólk Kópavogsskóla skólaárið 2015-2016 telur 69 einstaklinga í 52,6 stöðugildum.

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
424	408	395	393	378	383	355	346	328	315	332	309	318	303	308	316



Tafla 5. Heildarfjöldi nemenda í Kópavogsskóla 2000 – 2015.

	2011	2012	2013	2014	2015
1. bekkur	24	34	22	35	32
2. bekkur	35	21	32	22	36
3. bekkur	29	36	22	36	23
4. bekkur	32	29	36	22	39
5. bekkur	31	31	27	37	25
6. bekkur	32	32	30	31	39
7. bekkur	32	33	30	27	29
8. bekkur	34	34	32	28	31
9. bekkur	36	34	36	32	27
10. bekkur	24	34	36	38	35
Samtals	309	318	303	308	316

Tafla 6. Nemendafjöldi í Kópavogsskóla 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 10. Loftmynd af Kópavogsskóla frá 2015. LK

Skólabyggingarnar

Kópavogsskóli hefur landsnúmerið 114110 hjá FMR (Fasteignamati ríkisins). Byrjað var að byggja skólann árið 1947, í þeim áfanga er íþróttahúsið og það sem nú er miðhluti skólans. Árið 1964 var byggt við í norðausturhluta þeirrar byggingar. 1974 var vesturálmán byggð og 1997 var lokið viðbyggingu að norðanverðu. Grunnflötur skólabygginga í dag er 2.610 m² að meðtalinni 85 m² lausri stofu en flatarmál bygginga alls er 4.728 m².

Skólalóðin

Lóðarstærð skv. FMR er 20.400 m² en „raunstærð“ lóðar, þ.e. svæðið sem afmarkast af gangstéttum við Digranesveg, Vallartröð og Skólatröð og göngustíg milli þeirra gatna norðan lóðar, er um 20.350m². Lausleg skipting flatarmáls „raunstærðar“ lóðar sést á töflu 7.

Kópavogsskóli		
Húsnæði (grunnflötur)	2.610 m ²	12,8%
Bílastæði og aðkomusvæði	2.640 m ²	13,0%
Malbikuð og hellulögð svæði	9.940 m ²	48,8%
Malarsvæði	630 m ²	3,1%
Gúmmi- og gerfigrasyfirborð	590 m ²	2,9%
Gras- og gróðursvæði	3.940 m ²	19,4%
Skólalóð alls:	20.350 m²	100,0%

Tafla 7. Skipting lóðar Kópavogsskóla 2015.

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóð sl. 30 ár og núverandi ástand

Árið 1985 voru 4.000 m² boltavellir á austurlóð malbikaðir og gróðursett í skjólbelti við Skólatróð og á árunum 1988-1990 var farið í frágang á vesturhluta lóðar. 1996-1997 var farið í endurgerð suðurlóðar og hringtorgs við Digranesveg og frágang við viðbyggingu að norðanverðu ásamt bílastæðum. Árið 2005 var gerður gerfigrasvöllur á norðvesturhluta lóðar þar sem áður var malarvöllur og farið í frágang þar í kring. Eini hluti lóðarinnar sem verið hefur óhreyfður sl. 30 ár eru bílastæðin í suðausturhluta lóðarinnar.

Tvö leiksvæði með leiktækjum eru á lóð Kópavogsskóla, annað í suðvesturhluta lóðar og hitt í porti á suðurlóð. Á fyrrnefnda svæðinu eru 2 rólur, kastali með rennibraut, gormajafnvægisslá og lítið jafnvægistæki, allt sett upp 2002 en þar er líka ein eldri róla. Á síðarnefnda svæðinu eru 2 rólur, klifurgrind og 3 jafnvægisslár. Þau tæki voru sett upp 1997. Yfirborðsefni á báðum leiksvæðunum er öryggismöl.

Á vesturhluta lóðar eru 3 körfur og á boltavelli á austurhluta lóðar eru 4 mörk. Að auki er battavöllur með 2 mörkum.

Bílastæði á lóð eru alls 67 talsins. Norðan húss eru 28 bílastæði, sem einnig eru að hluta nýtt af leikskólanum Urðarhóli-Skólatróð, og 39 í suðausturhluta lóðar. Bílastæði hreyfihamlaðra er á báðum bílastæðunum. Hjólastæði eru alls 40.



Mynd 11. Loftmynd af Kópavogsskóla frá 2000. LK

Snjóbræðslulagnir eru í stéttum við innganga í skólann. Ljósastaurar, uppistöður leiktækja, tröppubrúnir o.þ.h. er gulmálað til að bæta aðstöðu sjónskertra barna. Lýsing er á lóðinni nema austurhluta þar sem hana vantar alveg. Einnig mætti bæta lýsingu við bílastæði. Girðingar hafa verið verið sett upp eða endurnýjuð samhliða uppbyggingu nema hvað girðing milli bílastæða í suðausturhluta lóðar við Digranesveg þarfnast endurnýjunar. Sorpgerði með plássi fyrir sjö 200 L plastker er að finna við bílastæði á norðurlóð.

Ábendingar frá skólasamfélaginu

Kópavogsskóli sendi ekki inn eiginlegar ábendingar um lóð heldur vísaði í samskipti undanfarinna missera. Frá vorinu 2014 hefur stjórn foreldrafélags Kópavogsskóla og skólastjóri verið í samskiptum við umhverfissvið um endurbætur á lóðinni. Að þeirra mati eru lítið um leikmöguleika utan boltaleikja og sérstaklega sé svæði á austurlóð vannýtt en þar er dægradvöl Kópavogsskóla til húsa. Unnin var tillaga að endurgerð svæðisins en fjárveiting til verksins var engin. 2015 var tillagan yfirfarin með fyrrnefndum aðilum og sl. haust sendi foreldrafélagið og skólastjóri bréf til sviðsins þar sem óskað er eftir að farið verði í þessar framkvæmdir 2016.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati vinnuhópsins?

- Endurgerð svæðis á austurlóð, auknir leikmöguleikar. Mögulegt að tvískipta verkinu. Alls um 4.000 m².
- Endurnýjun leiktækja og búnðar í porti að sunnanverðu, endurskoða nýtingu svæðis.
- Endurskoða og breyta nýtingu á núverandi grassvæði næst húsi í suðvesturhluta lóðar, tengja saman við endurgerð leiksvæðis og –tækja að sunnanverðu.
- Endurnýjun netgirðinga umhverfis lóð.



Mynd 12. Kópavogsskóli 2005. FB



Mynd 13. Kópavogsskóli vorið 1988. FB



Mynd 14. 1990, foreldrafélagið gróðursetur. EES

Kársnesskóli

Kársnesskóli er næst elsti grunnskóli bæjarins, hann tók til starfa árið 1957. Árið 2001 sameinuðust Kársnesskóli og Þinghólsskóli undir nafni þess fyrrnefnda. Skólahverfið er Kársnes, sem áður var kallað vesturbærinn, þ.e. hverfið vestan Hafnarfjarðarvegar. Starfsemin er í tveimur byggingum við Skólagerði og Vallargerði en skólinn nýtir jafnframt íþróttahúsið við Holtagerði til íþróttakennslu og heimasvæði fyrir dægradvöl.




Nemendur í 1. – 4. bekk eru í skólahúsnæði við Skólagerði og nemendur í 5. – 10. bekk eru í húsnæði við Vallargerði. Gildi Kársnesskóla eru: virðing, þekking, ábyrgð og ánægja. Áherslur skólans og hlutverk er að útskrifa ánægða og vel menntaða nemendur með sterka sjálfsmynd sem eru tilbúnir að takast á við lífið.

Fjöldi nemenda skólaárið 2015-2016 er 548. Síðustu ár hefur verið að fækkun í skólahverfinu en eins og sjá má í töflu 8. er aftur tekið að fjölga. Áætlanir gera ráð fyrir að þessi fjölgun haldi áfram á næstu árum og að nemendur verði um 560 árið 2020.

Starfsfólk Kársnesskóla skólaárið 2015 – 2016 telur 95 einstaklinga í 71,6 stöðugildum.

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
574	564	579	588	588	568	504	515	492	492	486	484	490	494	505	548



Tafla 8. Heildarfjöldi nemenda í Kársnesskóla 2000 – 2015.

	2011	2012	2013	2014	2015
1. bekkur	48	45	52	54	66
2. bekkur	41	51	47	53	60
3. bekkur	54	45	49	49	58
4. bekkur	44	55	46	48	53
5. bekkur	60	48	57	47	52
6. bekkur	41	63	50	60	50
7. bekkur	38	40	62	46	63
8. bekkur	50	41	45	62	44
9. bekkur	50	46	41	45	61
10. bekkur	58	56	45	41	41
Samtals	484	490	494	505	548


Tafla 9. Nemendafjöldi í Kársnesskóla 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 15. Báðir Kársnesskólarnir 2009. BM

Kársnesskóli – Skólagerði

	2011	2012	2013	2014	2015
1. bekkur	48	45	52	54	66
2. bekkur	41	51	47	53	60
3. bekkur	54	45	49	49	58
4. bekkur	44	55	46	48	53
Samtals	187	196	194	204	237



Tafla 10. Nemendafjöldi 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 16. Loftmynd af Kársnesskóla - Skólagerði frá 2015. LK

Skólabyggingarnar

Þrjár skólabyggingar eru innan lóðar Kársnesskóla – Skólagerði. Það er aðalbyggingin við Skólagerði 8 (landsnr. 115943 hjá FMR), íþróttahúsið (sama landsnr.), sem í raun er við Holtagerði og við Skólagerði 6a er hús (landsnr. 115941) sem undanfarna áratugi hefur verið nýtt af Kársnesskóla en hefur síðustu árin hýst starfsemi Hrafnsins, sem er frístundaklúbbur fyrir fatlaða nemendur í 5.-10. bekk við grunnskóla Kópavogs. Fyrsti áfangi skólans, austurálman, var tekinn í notkun árið 1957, annar áfangi 1964 og vesturhlutinn árið 1970. Skólagerði 6a var byggt á sjötta áratugnum sem íbúðarhús. Íþróttahúsið var tekið í notkun árið 1967. Grunnflötur skólabygginganna allra í dag er 2.062 m² en flatarmál bygginga alls er 4.153 m².

Lengi hefur verið rætt um þörfina á breytingum á húsnaði Kársnesskóla við Skólagerði. Hefur þá bæði verið horft til endurnýjunar elstu álmunnar og viðbyggingu að norðanverðu en engin ákvörðun

hefur verið tekin í málinu. Þessi óvissa hefur haft áhrif á ákvarðanir um endurnýjun lóðarinnar. Árið 1998 voru 3 lausar kennslustofur settar á vesturhluta lóðarinnar og fjarlægðar 5 árum síðar. Sumarið 2016 verða aftur settar 2 lausar kennslustofur á sama stað og mun það hafa nokkrar breytingar á lóð í för með sér.

Skólalóðin

Lóðarstærð skv. er 14.295 m² en „raunstærð“ lóðar, þ.e. svæðið sem afmarkast af gangstéttum við Skólagerði og Holtagerði, göngustíg vestan skólalóða og lóðarmörkum húsa við Hófgerði og Holtagerði, er um 15.100 m². Lausleg skipting flatarmáls „raunstærðar“ lóðar sést á töflu 11.

Kársnesskóli - Skólagerði		
Húsnæði (grunnflötur)	2.060 m ²	13,6%
Bílastæði og aðkomusvæði	2.030 m ²	13,4%
Malbikuð og hellulögð svæði	6.870 m ²	45,5%
Malarsvæði	260 m ²	1,7%
Gúmmi- og gerfigrasyfirborð	850 m ²	5,6%
Gras- og gróðursvæði	3.030 m ²	20,1%
Skólalóð alls:	15.100 m²	100,0%

Tafla 11. Skipting lóðar Kársnesskóla-Skólagerði 2015



Mynd 17. Loftmynd af Kársnesskóla - Skólagerði frá 2000. LK

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóð sl. 25 ár og núverandi ástand

Fyrsti áfangi endurgerðar lóðarinnar var 1989-1991, samhlíða endurnýjun Skólagerðis. Um var að ræða bílastæði, hringtorg og jaðar lóðar við Skólagerði, bílastæði í suðausturhorni lóðarinnar og boltavallar austan skólans að íþróttahúsi. Um sama leyti var lóð hússins sem nú hýsir Hrafninn lagfærð en þá var þar skóladagheimili. Næsti áfangi var 1997-1998 þegar norðurlóðin var að mestu endurgerð í tengslum við breytingar við íþróttahús og uppsetningu lausra kennslustofa. Þegar lausar kennslustofur voru fjarlægðar árið 2003 var gert leiksvæði þar sem ein stofan stóð. Árið 2012 var sett notað gerfigras á malarvöll í suðvesturhorni lóðarinnar en sú framkvæmd getur ekki talist nema til

bráðabirgða. Öll suðurlóðin, þ.e. milli skólabygginganna og Skólagerðis, hefur verið óbreytt í yfir 40 ár og þarfnast algerrar endurnýjunar.



Mynd 18. Kársnesskóli – Skólagerði 1989. FB



Mynd 19. Foreldrafélagið gróðursetur vorið 1991. EES

3 leiksvæði með leiktækjum eru á lóðinni. Á því nýjasta, frá 2003, eru 2 klifurtæki, 3 gormapallar og tvíslá ásamt 2 gömlum vegasöltum sem uppfylla ekki kröfur nú. Á leiksvæði við vesturgafi íþróttahúss, þar sem Dægradvölin er til húsa, er ein róla og gormajafnvægisslá. Þetta svæði var gert 1998. Þriðja leiksvæðið er á suðurlóð, þar sem eru tvær rólur með 3 sætum hvor og setsvæði, gert um 1990. Tvö fyrrnefndu leiksvæðin eru með öryggismöl sem undirlag en rólurnar á því síðastnefnda eru á trépöllum og uppfyllir ekki öryggiskröfur.

Tvær körfur eru á suðurlóð og ein á norðurlóð. Malbikaðir boltavellir eru á austur- og norðurlóð, auk fyrrum malarvallar á vesturlóð sem sett hefur verið gerfigras á. Á hverjum þessara valla eru 2 mörk, alls 6. Á norðurlóð er auk þess sparkveggur.

Bílastæði við Skólagerði og á suðausturhluta lóðar eru 33 talsins, 14 norðan húss við Holtagerði og 6 langsum bílastæði eru við íþróttahús, alls 53 bílastæði. Bílastæði hreyfihamlaðra er í suðausturhluta lóðar og annað við íþróttahús. Hjólastæði eru alls 40.

Snjóbræðslulagnir eru við aðkomu í íþróttahús en ekki við aðalbyggingu. Lýsing er á lóðinni nema vesturhluta þar sem hana vantar alveg. Lýsingu mætti bæta og liggur fyrir tillaga um það frá 2015. Girðingar og grindverk þarfnast mikilla endurnýjunar, einkum á norðurlóð við Holtagerði. Sorpgerði vantar er sorpgámur er staðsettur á óheppilegum stað milli skóla og íþróttahúss.

Ábendingar frá skólasamfélaginu

Fram komu tillögur frá starfsfólki skóla og nemendum. Helstu þættir sem þar komu fram voru að endurhanna þurfi lóð og mikil þörf sé á að endurnýja og bæta við leiktækjum, sérstaklega nærri Dægradvöl. Sjá nánar um óskir skólans í fylgiskjali á bls. 70.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati vinnuhópsins?

- Auka leikmöguleika á norðurhluta lóðar, m.a. vegna Dægradvalar, alls um 600 m².
- Endurgera suður- og vesturhluta lóðar í heild sinni, hægt að tví- eða þrískipta verkinu.
- Bæta lýsingu á lóð.
- Endurnýjun girðinga umhverfis lóð.



Mynd 20. Kársnesskóli – Skólagerði 2009, á móti suðri. BM




Mynd 21. Kársnesskóli – Skólagerði 2009, á móti norðri. BM

Kársnesskóli – Vallargerði

	2011	2012	2013	2014	2015
5. bekkur	60	48	57	47	52
6. bekkur	41	63	50	60	50
7. bekkur	38	40	62	46	63
8. bekkur	50	41	45	62	44
9. bekkur	50	46	41	45	61
10. bekkur	58	56	45	41	41
Samtals	297	294	300	301	311

Tafla 12. Nemendafjöldi 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 22. Loftmynd af Kársnesskóla - Vallargerði frá 2015. LK

Skólabyggingarnar

Kársnesskóli – Vallargerði (áður Þinghólsskóli) er í raun skráður við Kópavogsbraut 58 og hefur landsnúmerið 115300 hjá FMR (Fasteignamati ríkisins). Fyrsti áfangi skólans, vesturhlutinn, var tekinn í notkun 1971. Á áttunda áratugnum var suður- og austurhlutinn byggður og norðurálfan var byggð árið 2000-2001. Þá var einnig byggt yfir miðrymið. Grunnflötur skólabygginga í dag er 2.321 m² en flatarmál bygginga alls er 4.642 m².

Skólalóðin

Lóðarstærð skv. FMR er 9.019 m² en „raunstærð“ lóðar, þ.e. svæðið sem afmarkast af gangstétt við Kópavogsbraut, göngustíg vestan lóðar, Vallargerði og Vallargerðisvelli, er um 9.550 m². Lausleg skipting flatarmáls „raunstærðar“ lóðar sést á töflu 13.

Kársnesskóli - Vallargerði		
Húsnæði (grunnflötur)	2.320 m ²	24,3%
Bílastæði og aðkomusvæði	830 m ²	8,7%
Malbikuð og hellulögð svæði	3.840 m ²	40,2%
Malarsvæði	290 m ²	3,0%
Gúmmí- og gerfigrasyfirborð	590 m ²	6,2%
Gras- og gróðursvæði	1.290 m ²	13,5%
Annað (klópp)	390 m ²	4,1%
Skólalóð alls:	9.550 m²	100,0%

Tafla 13. Skipting lóðar Kársnesskóla-Vallargerði 2015



Mynd 23. Loftmynd af Kársnesskóla - Vallargerði frá 2000. LK

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóð sl. 25 ár og núverandi ástand

Árin 2000-2001 var farið í endurgerð vestur- og suðurhluta lóðarinnar og í framhaldi af því, árin 2002-2003, frágang næst húsi að austan- og norðanverðu. Árið 2004 var settur upp battavöllur á austurlóð ásamt því að körfur voru settar þar. Að öðru leyti er austurhluti lóðarinnar óbreyttur frá því fyrir 1990.

2 leiksvæði með leiktækjum eru á lóðinni, bæði gerð 2000-2001. Annað á vesturlóð með tveimur klifurtækjum og hitt á suðurlóð með tveimur rólum. Bæði leiksvæðin eru með öryggismöl sem undirlag.



Mynd 24. Kársnesskóli – Vallargerði sumarið 2000. FB

Á vesturlóð eru tvær stakar körfur en á austurlóð eru 2 stærri körfur. Tvö lítil mörk eru á vesturlóð en battavöllur á austurhlutanum.

Bílastæði við Vallargerði eru 25 talsins og við Kópavogsbraut eru 5 langsum bílastæði. Bílastæði hreyfihamlaðra er við Vallargerði. Hjólastæði eru alls 73.

Snjóbræðslulagnir eru í stéttum við innganga í skólann. Lýsing er á lóðinni nema austurhluta þar sem hana vantar alveg, nema við gerfigrasvöll. Girðingar á vesturlóð þarfnast endurnýjunar sem og við Vallargerðisvöll. Sorpgerði er á suðurhluta lóðar.

Ábendingar frá skólasamfélaginu

Fram komu tillögur frá starfsfólki skóla og nemendum. Helstu þættir sem þar voru nefndir er að mikil þörf væri á að endurnýja og bæta við leiktækjum þar sem sérstaklega væri hugað að tækjum sem hentuðu eldri nemendum. Einnig er óskað eftir brautum fyrir hjólabretti. Sjá nánar um óskir skólans í fylgiskjali á bls. 70.

Sl. haust fundaði garðyrkjustjóri tvisvar með skólastjóra og formanni foreldrafélags Kársnessskóla þar sem bornar voru fram og ræddar sömu óskir.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati vinnuhópsins?

- Endurnýja austurhluta lóðar og auka leikmöguleika. Athuga möguleika á stækkun lóðar inn á núverandi Vallargerðisvöll. Um 1.000 m².
- Endurnýja leiktæki og yfirborð á vesturhluta lóðar, endurskoða og bæta leikmöguleika.
- Endurnýja girðingar á vesturhluta lóðar.



Mynd 25. Kársnessskóli – Vallargerði 2009. BM

Álfhólsskóli

Álfhólsskóli var stofnaður vorið 2010 með sameiningu Digranesskóla og Hjallaskóla. Skólahverfið afmarkast af Digranesvegi og Bröttubrekku í vestri, Nýbýlavegi og Kjarrhólma í norðri, Smiðjuvegi í austri og Dalvegi í suðri.




Nemendur í 1. – 4. bekk Álfhólsskóla eru í Digranesi sem stendur við Álfhólsvæg 102 og nemendur í 5. – 10. bekk í Hjalla við Álfhólsvæg 120.

Einkunnarorð skólans eru: menntun, sjálfstæði, ánægja. Áherslur hans birtast í stefnunni þar sem segir að Álfhólsskóli sé skóli án aðgreiningar sem leggur áherslu á vellíðan nemenda, skapandi starf og fjölbreytta kennsluhætti.

Fjöldi nemenda skólaárið 2015-2016 er 661. Nokkur fjöldi barna í hverfinu sækir Snælandsskóla. Nemendum hefur fækkað jafnt og þétt frá aldamótum og gera spár ráð fyrir að sú þróun haldi áfram næstu ár. Árið 2020 er spáð að nemendur Álfhólsskóla verði um 680 talsins.

Starfsfólk Álfhólsskóla skólaárið 2015-2016 telur 147 einstaklinga í 115,5 stöðugildum.

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
1002	1003	946	914	884	848	813	818	814	772	735	716	687	701	677	661



Tafla 14. Heildarfjöldi nemenda í Álfhólsskóla 2000 – 2015.

	2011	2012	2013	2014	2015
1. bekkur	65	59	76	54	64
2. bekkur	68	65	67	74	54
3. bekkur	69	68	72	67	72
4. bekkur	63	64	71	68	73
5. bekkur	66	62	62	74	70
6. bekkur	66	69	66	62	72
7. bekkur	78	65	67	68	86
8. bekkur	76	82	67	70	42
9. bekkur	78	71	81	64	69
10. bekkur	87	82	72	76	59
Samtals	716	687	701	677	661

Tafla 15. Nemendafjöldi 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 26. Báðir Álfhólsskólarnir 2009. BM



Ábendingar frá skólasamfélaginu

Tillögur bárust frá fulltrúaráðsfundi foreldra sem haldinn var 19. janúar 2016. Þar komu fram óskir um margar gerðir leiktækja. Þar eru áberandi leiktæki sem efla hreyfifærni og þroska nemenda, s.s. trjádrumbar, ýmsar gerðir klifurgrinda, tækjum sem æfa jafnvægi, þrautabrautir og rólur. Einnig komu ábendingar um að nýta landslagið og setja upp svæði sem nýtast til kennslu, s.s. útileikhús og eldstæði. Nefndar eru ýmiskonar tillögur velli til íþróttar, s.s. körfuboltavöll, endurskoða sparkvelli, blakvöll og frísbíkörfur. Fram kom ósk um að margir af völlum og gangstéttar verði upphitaðar. Einnig óskir um aðstöðu fyrir reiðhjól, reiðhjólabrautir og hjólabrettabrautir. Ýmsir smáhlutir til leikja, s.s. stultur, boltar o.fl. verði til staðar svo og að málaðir verði vellir og parís á stéttar. Sjá nánar tillögur frá Álfhólsskóla í fylgiskjali á bls. 70-71.

Álfhólsskóli – Digranes

	2011	2012	2013	2014	2015
1. bekkur	65	59	76	54	64
2. bekkur	68	65	67	74	54
3. bekkur	69	68	72	67	72
4. bekkur	63	64	71	68	73
Samtals	265	256	265	263	263

Tafla 16. Nemendafjöldi 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 27. Loftmynd af Álfhólsskóla - Digranesi frá 2015. LK

Skólabyggingarnar

Álfhólsskóli – Digranes (áður Digranesskóli) hefur landsnúmerið 113650 hjá FMR (Fasteignamati ríkisins). Elsti hluti skólans var tekinn í notkun árið 1963 en þeir næstu í þremur áföngum á árunum 1968-1974. Norðurálmán var byggð 1984-1985. Árið 1997 var byggt ofan á vesturálmnu skólans. Árið 2011 var hluti elsti bygginganna rifinn. Grunnflötur skólabygginga í dag er 2.895 m² en flatarmál bygginga alls er 3.525 m². Dægradvöl skólans er staðsett í austurhluta íþróttahússins Digraness, sunnan skólans.

Frá stofnun Álfhólsskóla hefur staðið til að endurbyggja hluta skólans og var verkið hafið en ekki hafa verið teknar ákvarðanir um framhaldið. Rætt hefur verið að syðstu og elstu álmurnar tvær verði rifnar og hugsanlega byggt þar við skólann. Þessi óvissa hefur mikil áhrif á hvernig varanlegum frágangi suðurhluta lóðarinnar verður háttað. Áform eru um, jafnvel haustið 2016, að hefja byggingu yfir Skólahljómsveit Kópavogs. Fyrirhugað er að hún verði í tengslum við salinn í norðurhluta skólans og komi ný álma í austur. Það mun væntanlega ekki hafa mikil áhrif á lóðina, eins og hún er nú.

Skólalóðin

Lóðarstærð skv. FMR er 19.474 m² en „raunstærð“ lóðar, þ.e. svæðið sem afmarkast af gangstéttum við Skálaheiði og Álfhólsvæg, girðingu austan skólans og bilastæðum við Digranes, er um 19.120 m². Lausleg skipting flatarmáls „raunstærðar“ lóðar sést á töflu 17.

Álfhólsskóli - Digranes		
Húsnæði (grunnflötur)	2.900 m ²	15,2%
Bilastæði og aðkomusvæði	2.510 m ²	13,1%
Malbikuð og hellulögð svæði	5.840 m ²	30,5%
Malarsvæði	850 m ²	4,4%
Gúmmí- og gerfigrasyfirborð	590 m ²	3,1%
Gras- og gróðursvæði	6.430 m ²	33,6%
Skólalóð alls:	19.120 m²	100,0%

Tafla 17. Skipting lóðar Álfhólsskóla - Digranes 2015.



Mynd 28. Loftmynd af Álfhólsskóla - Digranesi frá 2000. LK

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóð sl. 25-30 ár og núverandi ástand

Á árunum 1988-1989 var farið í frágang bílastæða norðan skólans ásamt umhverfi norðan- og austan skólans. 1993-1995 voru port á suðurlóð endurgerð og 1998 var unnið að frágangi norðvesturhluta lóðar. Árin 1999-2000 var vesturhluti lóðarinnar endurgerður ásamt tveimur portum að vestanverðu.

2004 var settur upp battavöllur í norðvesturhorni lóðar. Árið 2010 voru leiksvæði og stígar á austurlóð endurbætt, auk þess sem settar voru upp girðingar og lýsing aukin.

Þrjú leiksvæði með leiktækjum eru á lóðinni, öll með öryggismöl sem undirlag. Eitt er í suðvesturhorni lóðar, gert árið 2000, með rólu, klifurtæki og jafnvægisslá. Annað er í porti að

austanverðu þar sem er róla, klifurtæki og gormajafnvægisslá. Þriðja og stærsta svæðið er á austurhluta lóðarinnar, sem var stækkað og lagfært árið 2010, þó flest leiktækjanna séu eldri. Þar eru kastali með rennibraut, klifurtæki, 2 rólur, 2 vegasölt og gormajafnvægisslá.

Tvær körfur á vesturhluta lóðar og á velli á norðausturhluta er ein karfa og eitt boltamark. Á vesturlóð eru einnig tveir boltavellir með alls 4 mörkum, auk gerfigrasvallar.

Bílastæði norðan skólans eru alls 42 og sunnan hans eru 18 bílastæði sem einnig eru nýtt af íþróttahúsinu Digranesi. Bílastæði hreyfihamlaðra er að finna við norðurinnangang. Hjólastæði eru alls 30.

Snjóbræðslulagnir eru í stéttum við norðurinnangang. Lýsing er á lóðinni allri nem við bílastæði norðan skólans og á svæði þar sem byggingar hafa verið rifnar. Girðingar að vestanverðu, meðfram Skálaheiði, þarfnast endurnýjunar. Sorpgerði er að finna austan við norðurálm.

Ábendingar frá skólasamfélaginu

Í tillögum foreldra vegna Digraness komu sérstaklega fram óskir um leiktæki sem þjálfar hreyfifærni, s.s. klifur- og þrautaleiktæki. Einnig komu óskir um mjúkt undirlag o.fl. Sjá nánar fylgiskjal á bls. 71.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Ganga frá suðurhluta lóðar, þar sem byggingar voru rifnar 2010 og endurnýja leiksvæði í suðvesturhorni, alls um 3.600 m².
- Endurskoða austurhluta lóðar.
- Endurnýja girðingar á vesturhluta lóðar.



Mynd 29. Álfhólsskóli – Digranes sumarið 1990. EES



Mynd 30. Álfhólsskóli – Digranes sumarið 1999. FB




Mynd 31. Álfrólsskóli – Digranes 2009. Ípróttahúsið Digranes fjær. BM

Álfhólsskóli – Hjalli

	2011	2012	2013	2014	2015
5. bekkur	66	62	62	74	70
6. bekkur	66	69	66	62	72
7. bekkur	78	65	67	68	86
8. bekkur	76	82	67	70	42
9. bekkur	78	71	81	64	69
10. bekkur	87	82	72	76	59
Samtals	451	431	436	414	398

Tafla 18. Nemendafjöldi 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 32. Loftmynd af Álfhólsskóla - Hjalla frá 2015. LK

Skólabyggingarnar

Álfhólsskóli - Hjalli, Álfhólsvégi 120, sem hét áður Hjallaskóli, hefur landsnúmerið 113668 hjá FMR (Fasteignamatí ríkisins). Fyrsti áfangi skólans var tekinn í notkun 1984 og skólinn var í byggingu fram til 1995. Árið 2005 var síðasta álman byggð, í norðausturhorni lóðar, og þá voru fjarlægðar lausar kennslustofur sem höfðu verið þar frá upphafi. Grunnflötur skólabygginga í dag er 4.625 m² en flatarmál bygginga alls er 4.995 m².

Skólalóðin

Lóðarstærð skv. FMR (Fasteignamati ríkisins) er 17.306 m² en „raunstærð“ lóðar, þ.e. svæðið sem afmarkast af göngustíg vestan skólans, gangstéttum við Álfhólsvæg og Engihjalla og göngustíg sunnan skólans, er um 17.850 m². Lausleg skipting flatarmáls „raunstærðar“ lóðar sést á töflu 19.

Álfhólsskóli - Hjalli		
Húsnæði (grunnflötur)	4.630 m ²	25,9%
Bílastæði og aðkomusvæði	1.430 m ²	8,0%
Malbikuð og hellulögð svæði	5.280 m ²	29,6%
Malarsvæði	1.280 m ²	7,2%
Gúmmi- og gerfigrasyfirborð	590 m ²	3,3%
Gras- og gróðursvæði	4.640 m ²	26,0%
Skólalóð alls:	17.850 m²	100,0%

Tafla 19. Skipting lóðar Álfhólsskóla - Hjalla 2015.



Mynd 33. Loftmynd af Álfhólsskóla - Hjalla frá 2000. LK

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóð sl. 25 ár og núverandi ástand

Suðurluti skólalóðarinnar eins og hún er nú var að mestu leyti mótaður kringum 1990 en vellir á vesturluta lóðar 1996. Lóðin var síðan frágengin í áföngun á árunum 1996-2001. Á suðurlóð var endurgert leiksvæði árið 2003 og um leið frágengið port að norðanverðu. 2005 var endurgerður suðausturhorni lóðar þegar battavöllur var settur þar upp og 2005-2006 var lokið frágangi á öllum austurluta lóðar og bílastæða við nýbyggingu eftir að lausar kennslustofur voru fjarlægðar þar.

Leiksvæði með leiktækjum eru tvö á lóðinni. Annað þeirra sem nefnt er hér áður er frá árinu 2003. Þar eru klifurtæki, vegasalt og jafnvægisslá. Á hinu leiksvæðinu, sem er á vesturlóð og var gert árið 2001, eru 2 rólur og 3 - gormapallar. Undirlag beggja svæðanna er öryggismöl. Kastali með rennibraut var á þessu svæði en var fluttur að Álfhólsskóla – Digranesi árið 2010.

4 stakar körfur er að finna sunnan skólans. Malbikaður boltavöllur með 2 mörkum er í suðvesturluta lóðarinnar og malarvöllur með 2 mörkum er í norðvesturhorni lóðar, auk battavallar í suðausturhorni.

Bílastæði við Álfhólsvæg eru 25 talsins og við Engihjalla eru 20 bílastæði. Austan Engihjalla eru einnig bílastæði sem eru samnýtt með leikskólanum Efstahjalla. Bílastæði hreyfihamlaðra er að finna í norðausturhorni lóðar og austan skólans. Hjólastæði eru alls 50.

Snjóbræðslulagnir eru í stéttum við innganga. Lýsing er á lóðinni allri, en mætti bæta. Girðingar við sparkvöll í norðvesturhorni þarf að endurnýja. Sorpgerði er staðsett á vesturlóð.

Ábendingar frá skólasamfélaginu

Fram komu tillögur frá nemendum í Hjalla. Í þeim voru óskir um leiktæki og búnað, s.s. rólur, kastala, klifurgrindur, sandkassa, flaggstöng og nestisbekki. Auk þess ber þar á beiðnum um körfuboltavelli. Sjá nánar fylgiskjal á bls. 71.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Endurnýja leiksvæði, leiktæki og boltavöll (nú malarvöllur) á vesturhluta lóðar. Skoða svæðið í heild, um 2.800 m².
- Skoða nýtingu á svæði milli battavallar og nýjustu álmu skólans.



Mynd 34. Álfhólsskóli – Hjalli vorið 1989. FB



Mynd 35. Álfhólsskóli – Hjalli 2009. BM

Snælandsskóli

Snælandsskóli var stofnaður árið 1974. Hann stendur við Víðigrund og liggur að Fossvogsdalnum og Fagralundi, félagssvæði HK. Skólahverfið er byggðin norðan Nýbýlavegar, nema Hólmarnir sem tilheyra Álfhólsskóla.




Einkunnarorð skólans eru: víska, virðing, víðsýni og vinsemd. Skólastarfið einkennist af góðum skólabrag og áhersla er lögð á að hver og einn þroski hæfileika sína á eigin forsendum. Í Snælandsskóla er unnið að heilbrigðum lífsháttum í sátt við náttúru og umhverfi.

Fjöldi nemenda árið 2015 – 2016 er 420. Nokkur fjöldi barna í Snælandsskóla eru úr skólahverfi Álfhólsskóla. Nemendafjöldi hefur nokkuð stöðugur frá aldamótum og spár gera ráð fyrir að árið 2020 verði nemendur Snælandsskóla álíka margir og nú er.

Starfsfólk Snælandsskóla skólaárið 2015 – 2016 telur 82 einstaklinga í 60,5 stöðugildi.

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
457	442	458	438	446	442	442	449	435	424	414	405	419	445	434	420



Tafla 20. Heildarfjöldi nemenda í Snælandsskóla 2000 – 2015.

	2011	2012	2013	2014	2015
1. bekkur	42	43	58	44	43
2. bekkur	32	46	44	53	45
3. bekkur	35	32	45	41	49
4. bekkur	38	37	38	46	46
5. bekkur	37	45	40	41	43
6. bekkur	27	41	44	40	41
7. bekkur	53	29	40	42	40
8. bekkur	50	56	32	39	44
9. bekkur	45	47	55	33	38
10. bekkur	46	43	49	55	31
Samtals	405	419	445	434	420

Tafla 21. Nemendafjöldi 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 36. Loftmynd af Snælandsskóla frá 2015. LK

Skólabyggingarnar

Snælandsskóli, Víðigrund 2, hefur landsnúmerið 116316 hjá FMR (Fasteignamatí ríkisins). Skólinn byrjaði 1974 og starfaði fyrstu árin í lausum kennslustofum. Skólabyggingin var að mestu byggð á árunum 1979-1985 og síðasti áfanginn 1994. Árið 2003 var byggt við skólann í vestur. Grunnflötur skólabygginga í dag er 2.788 m² en flatarmál bygginga alls er 6.032 m².

Skólalóðin

Lóðarstærð skv. FMR er 15.000 m² en „raunstærð“ lóðar, þ.e. svæðið sem afmarkast af bílastæðum við Víðigrund, stíg og HK-svæði að norðanverðu, Furugrund að austanverðu og bílastæðum og stíg að sunnanverðu, er um 13.630 m². Lausleg skipting flatarmáls „raunstærðar“ lóðar sést á töflu 22.

Snælandsskóli		
Húsnæði (grunnflötur)	2.790 m ²	20,5%
Bílastæði og aðkomusvæði	780 m ²	5,7%
Malbikuð og hellulögð svæði	7.000 m ²	51,4%
Malarsvæði	580 m ²	4,3%
Gúmmí- og gerfigrasyfirborð	0 m ²	0,0%
Gras- og gróðursvæði	2.480 m ²	18,2%
Skólalóð alls:	13.630 m²	100,0%

Tafla 22. Skipting lóðar Snælandsskóla 2015.



Mynd 37. Loftmynd af Snælandsskóla frá 2000. LK

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóð sl. 30 ár og núverandi ástand:

Suður- og suðvesturhluti lóðarinnar var frágenginn 1986-1988 en skólinn var þá varla hálfbyggður miðað við sem nú er. Um 1994 voru lausar kennslustofur fjarlægðar og var þá farið í frágang vesturluta lóðarinnar. Á árunum 2001-2002 var gengið frá norður- og austurhluta lóðarinnar. Síðustu framkvæmdir á lóð voru í kjölfar viðbyggingar til vesturs árið 2003.

3 leiksvæði með leiktækjum eru á lóðinni, öll með öryggismöl sem undirlag. Eitt er á vesturhluta lóðar og var gert 2003 en þar er kastali með rennibraut. Annað frá 2002 er á norðurlóð. Þar eru 2 rólur, klifurtæki og svifrár. Þriðja leiksvæðið er austan skólans og var gert 2001. Þar eru róla, 3 gormapallar og tvíslá. Nálægt þriðja leiksvæðinu á austurhluta lóðar er einnig steipt hjólabrettaaðstaða sem gerð var árið 2002.



Mynd 38. Snælandsskóli vorið 1989. FB

4 stakar körfur eru á lóðinni, bæði af minni og stærri gerð, en enginn körfuboltavöllur. Þrjár boltavellir eru á norðurhluta lóðarinnar, tveir með venjulegum mörkum en einn með minni. Enginn battavöllur er á lóðinni en nemendur hafa aðgang að stórum gerfigrasvelli á félagssvæði HK sem liggur að lóð skólans.

Bílastæði við Víðigrund eru 30 talsins og sunnan skólans eru 16 bílastæði. Bílastæði hreyfihamlaðra er að finna bæði við Víðigrund og sunnan skólans. Hjólastæði eru alls 68.

Snjóbræðslulagnir eru í stéttum, aðallega við innganga. Lýsing er á allri lóðinni. Lóðin er lítið girt af. Girðingastaurar við boltavelli eru skemmdir og þarf að endurnýja. Sorpgerði er að finna í norðvesturhorni lóðarinnar.

Ábendingar frá skólasamfélaginu

Hugmyndir og tillögur bárust frá nemendum í 2. og 6. bekk. Þar koma fram tillögur að leiktækjum, s.s. rólum og klifurvegg, og einnig mikilvægi þess að undirlag sé mjúkt. Ósk er um hreystibraut og körfuboltavöll. Jafnframt eru hugmyndir af svæðum sem tengjast námi, s.s. matjurta- og gróðurgarður, svæði til að skapa, s.s. smíða, tálga og mála, og útielastæði til eldunar. Nemendur vilja jafnframt bekk, borð og kofa á lóðina. Fleiri hugmyndir má sjá í fylgiskjali á bls. 72.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati vinnuhópsins?

- Endurnýjun leiksvæða, bæði tækja, annars búnaðar og yfirborðs,
- Huga að betri nýtingu á núverandi grashól austan skólans.



Mynd 39. Snælandsskóli 2009. BM

Smáraskóli

Smáraskóli var stofnaður 9. september 1994. Hann er eins og nafnið bendir til í Smárahverfinu og er það jafnframt skólahverfið.




Gildin sem Smáraskóli byggir starf sitt á endurpeglast í einkunnarorðum skólans en þau eru: virðing – vöxtur – víska – víðsýni. Í skólastarfinu hefur menntun og mannrækt ætíð verið höfð að leiðarljósi og í leiðarljósi skólans stendur meðal annars að Smáraskóli sé skóli þar sem öllum á að líða vel, jafnt börnum, starfsmönnum og foreldrum.

Fjöldi nemenda skólaárið 2015 – 2016 er 372. Nokkur fjöldi barna í hverfi Kópavogsskóla sækir skólann. Nemendum hefur fækkað jafnt og þétt frá aldamótun en fjöldinn hefur náð betra jafnvægi síðustu árin. Gert er ráð fyrir að árið 2020 verði nemendafjöldi svipaður og nú er, eða um 380.

Starfsfólk Smáraskóla skólaárið 2015 – 2016 telur 66 einstaklinga í 50 stöðugildum.

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
637	642	634	612	561	537	489	450	424	401	380	372	367	360	345	372



Tafla 23. Fjöldi nemenda í Smáraskóla 2000 – 2015.

	2011	2012	2013	2014	2015
1. bekkur	37	30	40	34	49
2. bekkur	43	37	31	36	39
3. bekkur	30	44	34	32	33
4. bekkur	26	30	47	32	32
5. bekkur	36	27	32	46	35
6. bekkur	46	36	25	28	42
7. bekkur	31	51	35	28	28
8. bekkur	41	26	46	36	29
9. bekkur	43	43	28	44	40
10. bekkur	39	43	42	29	45
Samtals	372	367	360	345	372

Tafla 24. Nemendafjöldi 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 40. Loftmynd af Smáraskóla og nágrenni frá 2015. LK

Skólabyggingarnar

Smáraskóli er við Dalsmára 1 og hefur landsnúmerið 174517 hjá FMR (Fasteignamatari ríkisins).

Fyrsti áfangi skólans var tekinn í notkun 1994 en hann var í byggingu til ársins 2000. Grunnflötur skólabygginga í dag er 2.449 m² en flatarmál bygginga alls er 5.084 m². Frá upphafi var hluti starfsemi skólans í lausum kennslustofum. Þær voru 7 talsins þegar mest var, þar af 5 rétt utan skólalóðarinnar. Búið er að fjarlægja þær allar nema eina, en hún hýsir ekki starfsemi skólans.

Skólalóðin

Lóðarstærð skv. FMR er 12.300 m² en „raunstærð“ lóðar, þ.e. svæðið sem afmarkast af göngustíg vestan skólans, gangstéttum við Dalsmára og Fífuhvammsveg, er um 15.500 m². Lausleg skipting flatarmáls „raunstærðar“ lóðar sést á töflu 25.

Smáraskóli		
Húsnæði (grunnflötur)	2.450 m ²	15,8%
Bílastæði og aðkomusvæði	250 m ²	1,6%
Malbikuð og hellulögð svæði	5.610 m ²	36,2%
Malarsvæði	410 m ²	2,6%
Gúmmí- og gerfigrasyfirborð	460 m ²	3,0%
Gras- og gróðursvæði	6.330 m ²	40,8%
Skólalóð alls:	15.510 m²	100,0%

Tafla 25. Skipting lóðar Smáraskóla 2015.

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóð frá upphafi og núverandi ástand

Lítilsháttar framkvæmdir voru á lóðinni þegar skólinn tók til starfa 1994. Lóðin, eins og hún er nú, var að mestu gerð á árunum 1997-1999 og 2001-2003.



Mynd 41. Loftmynd af Smáraskóla og nágrenni frá 2000. LK

Tvö leiksvæði með leiktækjum eru á skólalóðinni, bæði norðan við skólabyggingu. Það fyrri var gert 2001 og eru á því tvö klifurtæki, jafnvægistæki, svifrá og 2 jafnvægisslár. Þar er öryggismöl sem undirlag. Hitt svæðið er með 2 rólum og var gert 2011. Undirlag þar eru gúmmíhellur.

Þrjár stakar körfur eru á lóðinni nú, bæði af stærri

gerð og minni. Árið 2015 var 4 körfum á suðurhluta lóðar skipt út og settur þar nýr körfuboltavöllur með nýjun körfum og plastplötum á yfirborði. Á suðurhlutanum er einnig boltavöllur með 2 mörkum og önnur 2 mörk eru á vesturhluta lóðarinnar. Í nágrenni skólalóðarinnar, sunnan íþróttahússins Smárans er battavöllur sem settur var upp árið 2004 og þar er einnig hjólabrettasvæði sem gert var 2008.

Bílastæði við Dalsmára eru 49 talsins næst skólanum en þar eru einnig „sleppisvæði“. Við Kópavogsvöll eru fjölmörg bílastæði sem nýtast skólanum en eru einnig nýtt af Sporthúsinu. Skipulag bílastæða og umferðar við Smáraskóla var endurskoðað og bætt verulega árið 2015. Bílastæði hreyfihamlaðra er við Dalsmára, vestan skólans. Hjólastæði eru alls 80.

Snjóbræðslulagnir eru í stéttum við innganga. Lýsing er á allri lóðinni. Girðingar við Dalsmára og Fifuhvammsveg eru í góðu ástandi en ekki er girðing við stíg vestan skólans. Sorpgerði er að finna á norðurlóð.

Árið 2010 var gerð tillaga um útikennslusvæði í suðvesturhluta lóðarinnar en ekki hefur verið farið í þá framkvæmd. Ekki hefur heldur verið gengið frá svæði á vesturlóð þar sem 2 lausar kennslustofur stóðu áður.

Ábendingar frá skólasamfélaginu

Skólastjórnendur, samráði við stjórn foreldrafélagsins og fulltrúa foreldra í skólaráði drógu saman í fimm liðum þau mál sem sátt var um að væru í forgangi við endurhönnun og endurnýjun skólalóðarinnar. Þau eru: 1. Endurhanan og bæta leiksvæði yngstu nemendanna. 2. Færa sparkvöll inn á lóð skólans. Sérstaklega er gerð grein fyrir árekstrum barna í hverfinu við „brettafólkið“. 3. Gera útikennslusvæði skv. tillögu frá 2010. 4. Girða skólalóð betur. 5. Fá hreystivöll vestan lóðar.

Óskirnar í heild sinni má sjá í fylgiskjali á bls. 73.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Endurhanna leiksvæði og endurnýja hluta leiktækja, búnaðar og hluta yfirborðs á norðausturhluta lóðar. Um 1.100 m².
- Gera nýja battavöll á vesturhluta lóðar, t.d. þar sem lausar kennslustofur stóðu áður.
- Endurgera hluta svæðis á vesturhluta lóðar og gera þar útikennslusvæði.
- Setja upp girðingu á vesturhluta lóðar.
- Fjölga leikmöguleikum á lóð.
- Skoða nýtingu á svæði milli skólalóðar og íþróttahússins Smárans.



Mynd 42. Smáraskóli 1998. FB



Mynd 43. Smáraskóli 1998. FB



Mynd 44. Smáraskóli 2009. BM

Lindaskóli

Lindaskóli tók til starfa árið 1997 og var í upphafi til húsa í Smáraskóla á meðan verið var að ljúka byggingu skólans. Skólastarf hófst við Núpalind árið 1998. Skólahverfið er Lindahverfi.




Í Lindaskóla hefur skapast jákvæður skólabragur. Lögð er áhersla á stundvísi, jákvæð samskipti og virðingu manna í milli.

Fjöldi nemenda skólaárið 2015-2016 er 496. Af tölum má sjá að síðustu ár hefur nemendum í skólahverfinu verið að fækka og búist er við að sú þróun haldi áfram næstu ár. Árið 2020 gera spár ráð fyrir að nemendur í Lindaskóla verði um 430 talsins.

Starfsfólk Lindaskóla skólaárið 2015 – 2016 telur 77 einstaklinga í 61,4 stöðugildum.

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
477	541	573	622	597	584	588	575	562	563	565	548	527	482	482	496



Tafla 26. Fjöldi nemenda í Lindaskóla 2000 – 2015.

	2011	2012	2013	2014	2015
1. bekkur	38	37	30	30	53
2. bekkur	53	38	39	39	48
3. bekkur	52	53	41	41	31
4. bekkur	47	56	52	52	45
5. bekkur	43	49	57	57	51
6. bekkur	59	44	47	47	49
7. bekkur	58	60	45	45	66
8. bekkur	52	64	55	55	47
9. bekkur	72	53	64	64	48
10. bekkur	74	73	52	52	58
Samtals	548	527	482	482	496

Tafla 27. Fjöldi nemenda í Lindaskóla 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 45. Loftmynd af Lindaskóla frá 2015. LK

Skólabyggingarnar

Lindaskóli er skráður við Núpaland 7 og hefur landsnúmerið 178584 hjá FMR (Fasteignamatari ríkisins). Fyrsti áfangi skólans var tekinn í notkun 1998 og sá síðasti árið 2000. Árið 2004 var svo byggt við norðurálmú skólans. Lausum kennslustofum var komið fyrir á lóðinni vestanverðri og voru þær 6 talsins þegar mest var en þær síðustu voru fjarlægðar árið 2013. Grunnflötur skólabygginga í dag er 3.624 m² en flatarmál bygginga alls er 6.471 m².

Til að mæta fjölgun í skólahverfinu má setja aftur lausar kennslustofur á skólalóðina en allar tengingar eru enn til staðar frá fyrri tíð.

Skólalóðin

Lóðarstærð skv. FMR er 22.540 m² en „raunstærð“ lóðar, þ.e. svæðið sem afmarkast af göngustíg og bílastæðum vestan skólans, gerfigras- og hreystivelli að norðanverðu, göngustígum að austanverðu og gangstétt við Galtalind, er um 23.400 m². Lausleg skipting flatarmáls „raunstærðar“ lóðar sést á töflu 28.

Lindaskóli		
Húsnæði (grunnflötur)	3.620 m ²	15,5%
Bílastæði og aðkomusvæði	3.350 m ²	14,3%
Malbikuð og hellulögð svæði	7.800 m ²	33,3%
Malarsvæði	1.010 m ²	4,3%
Gúmmí- og gerfigrasýfirborð	1.010 m ²	4,3%
Gras- og gróðursvæði	6.440 m ²	27,5%
Annað (klappir)	170 m ²	0,7%
Skólalóð alls:	23.400 m²	100,0%

Tafla 28. Skipting lóðar Lindaskóla 2015.

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóð frá upphafi og núverandi ástand

Lóðin var öll gerð á árunum 1998-2003, eftir því sem skólabyggingin reis. Árið 2005 var lokið frágangi við viðbyggingu og gerður battavöllur. 2014 var settur upp hreystivöllur í fullri stærð og gengið frá umhverfi hans en þar höfðu áður verið malarvellingir.

3 leiksvæði með leiktækjum eru á lóðinni, öll með öryggismöl sem undirlag. Það fyrsta er nærri bílastæðum við Galtalind en þar eru 2 rólur, klifurtæki og þrautabraut sem samanstendur af 3 gormapöllum, 4 snúningsdiskum og jafnvægislá. Annað er við suðurgafli skólans með kastala með rennibraut, rólu og jafnvægistæki. Þriðja svæðið er austan við skólann, nærri hreystivelli, og á því er róla, klifurveggur og tvíslá. Á malbikuðu svæði þar nærri er einnig lítill hjólabrettarampur og tvær hjólabrettagrindur. Öll leiksvæðin eru gerð kringum árið 2000, nema það síðastnefnda sem er nokkru nýrra.



Mynd 46. Loftmynd af Lindaskóla frá 2003. LK

3 stakar körfur eru á skólalóðinni og 2 saman á velli austan skólans. 4 boltamörk eru á malbikuðu svæði á vesturlóð og 2 lítil mörk á suðurhluta lóðar. Battavöll og hreystivöll er að finna norðan skólans.

Bílastæði við Galtalind eru 35 talsins og við Núpaland eru 38 bílastæði sem einnig eru nýtt af leikskólanum Núpi. Bílastæði hreyfihamlaðra er að finna á báðum bílastæðunum. Hjólastæði eru alls 66.

Snjóbræðslulagnir eru í stéttum við innganga. Lýsing er á lóðinni allri. Girðingar umlykja mest alla lóðina, nema í norður og austur þar sem hún liggur að opnu svæði. Sorpgerði er staðsett við bílastæði á vesturlóð.



Mynd 47. Lindaskóli haustið 1998. FB

Ábendingar frá skólasamfélaginu

Hugmyndir og tillögur sem bárust voru unnar í samráði við nemendur, starfsmenn og foreldra. Flestar tillögurnar fjölluðu um að bæta það sem fyrir er á lóð og færa til leiktæki. Einnig kemur fram að endurhanna mætti ákveðin svæði, setja upp útaftal og mála leiki á stéttar. Sérstaklega var þess getið að lóðin byði upp á mikla möguleika. Sjá nánar fylgiskjal á bls. 74.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Endurnýja leiktæki og undirlag.
- Endurskoða nýtingu ýmissa lóðarhluta, m.a. svæði á vesturhluta lóðar þar sem lausar kennslustofur stóðu áður.



Mynd 48. Lindaskóli 2009. BM

Salaskóli

Salaskóli, sem hóf starfsemi árið 2001, stendur við íþróttamiðstöðina Versali og er skólahverfi hans Salahverfið.




Salaskóli er framsækinn skóli, óragur við að fara ótroðnar brautir. Í stefnumótun og starfi er stuðst við rannsóknir, innlendar og erlendar, og reynslu. Einkunnarorð skólans eru virðing, samstarf og vinátta en þau hugtök grundvalla allt skólastarf skólans. Nemendur og hagsmunir þeirra eru ávallt í fyrsta sæti. Allt starfið miðast við að gera sérhvern nemanda að góðum og nýtum þegn þessa lands, óhræddum við að glíma við öll þau nýju verkefni sem honum munu mæta á lífsleiðinni.

Fjöldi nemenda skólaárið 2015 – 2016 er 553. Nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt frá stofnun hans og reikna má með að svo verði áfram. Spár gera ráð fyrir að hámarki verði náð á næstu árum þegar nemendur verða um 590 en árið 2020 verði fjöldinn um 560, svipað og nú er.

Starfsfólk Salaskóla skólaárið 2015 – 2016 telur 88 einstaklinga í 66,8 stöðugildum.

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
0	71	181	268	379	412	413	415	414	441	478	483	489	512	546	553



Tafla 29. Fjöldi nemenda í Salaskóla 2001 – 2015.

	2011	2012	2013	2014	2015
1. bekkur	55	57	49	50	63
2. bekkur	74	57	58	49	50
3. bekkur	52	71	57	67	54
4. bekkur	36	49	74	58	68
5. bekkur	56	35	53	76	59
6. bekkur	48	58	35	56	72
7. bekkur	58	44	54	38	50
8. bekkur	38	52	46	52	36
9. bekkur	32	36	51	46	54
10. bekkur	34	30	35	54	47
Samtals	483	489	512	546	553

Tafla 30. Fjöldi nemenda í Salaskóla 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 49. Loftmynd af Salaskóla frá 2015. LK

Skólabyggingarnar

Salaskóli, Versöllum 5, hefur landsnúmerið 189486 hjá FMR (Fasteignamati ríkisins). Fyrsti áfangi skólans var tekinn í notkun 2001 en byggingu síðasta álmunnar var lokið 2005. Grunnflötur skólabygginga er 2.953 m², auk tveggja lausra kennslustofa sem eru 170 m², en flatarmál bygginga alls er 6.095 m² að meðtöldum lausu stofunum.

Skólalóðin

Lóðarstærð skv. FMR er 21.417 m² en „raunstærð“ lóðar, þ.e. svæðið sem afmarkast af gangstétt við Fífuhvammsveg, Versöllum, hringtorgi og stíg að sundlaug og göngustígum að austan- og sunnanverðu, er um 22.050 m². Lausleg skipting flatarmáls „raunstærðar“ lóðar sést á töflu 31.

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóð frá upphafi og núverandi ástand:

Lítilsháttar lóðarframkvæmdir voru við Salaskóla 2001 þegar skólinn tók til starfa og árin 2002-2008 voru framkvæmdir á hverju ári við lóð og bílastæði, án þess þó að lokið væri við lóðina að fullu. Árin 2011 og 2013 var frágangsvinna í tengslum við lausar kennslustofur og 2014 var farið í minniháttar framkvæmdir á lóð.

Salaskóli		
Húsnæði (grunnflötur)	3.120 m ²	14,1%
Bílastæði og aðkomusvæði	2.280 m ²	10,3%
Malbikuð og hellulögð svæði	8.030 m ²	36,4%
Malarsvæði	2.090 m ²	9,5%
Gúmmí- og gerfigrasyfirborð	590 m ²	2,7%
Gras- og gróðursvæði	5.580 m ²	25,3%
Annað (grjótsvæði)	360 m ²	1,6%
Skólalóð alls:	22.050 m²	100,0%

Tafla 31. Skipting lóðar Salaskóla 2015.

Þrjú svæði með leiktækjum eru á lóðinni. Á því elsta, sem er frá 2001 og er sunnan skólans, eru 2 rólur og klifurgrind. Austan skólans er róla, einkonar snúningstæki, klifurveggur, jafnvægisslá og gormajafnvægisslá. Það svæði er að mestu frá 2003. Á þriðja svæðinu, á suðurhluta lóðarinnar, er fimmhyrningsróla sem sett var upp árið 2014. Það ár var við malbiksvelli einnig sett upp jafnvægistæki sem samanstendur af 3 slám.

Tvær stakar körfur eru á suðurhluta lóðar og aðrar 4 vestar á lóðinni. 2 boltamörk er á malbiki vestan skólans auk battavallar sem gerður var árið 2006.

Bílastæði við Versali eru 76 talsins og eru einnig nýtt af íþróttamiðstöðinni Versöllum. Bílastæði hreyfihamlaðra er við hringtorg næst skólanum. Hjólástæði eru alls 107.

Snjóbræðslulagnir eru í stéttum við innganga. Lýsing er á lóðinni allri nema grashól að sunnanverðu. Bæta þarf lýsingu við fyrirhugað leiksvæði nærri „þinginu“ sem er sporöskjulöguð grjóthleðsla. Lóðin er að miklu leyti girt af og er girðingin í ágætu ásigkomulagi. Sorpgerði er við bílastæði næst hringtorgi.



Mynd 50. Loftmynd af Salaskóla frá 2003. LK

Ábendingar frá skólasamfélaginu

Salaskóli sendi ekki inn eiginlegar ábendingar um lóð heldur vísaði í samskipti undanfarinna missera. Frá árinu 2013 hefur foreldrafélag og skólastjórnendur verið í sambandi við umhverfissvið vegna óska um endurbætur á lóð, sem einkum lúta að því að bæta úr skorti á leiktækjum, auka leikmöguleika og lífga upp á litlausa lóðina. Gerð var tillaga að endurbótum og farið í lítilsháttar framkvæmdir 2014 en engin fjárveiting var til lóðafrákvæmda. Haustið 2015 var aftur fundað með fulltrúum foreldrafélagsins þar sem þeir lögðu fram samantekt um lóð Salaskóla og samanburð um skólalóðir í nágrenninu. Gerðar voru tillögur að lokafrágangi lóðar og betrubótum, m.a. með fjölgun leiktækja. Einnig var sett upp tillaga að forgangsröðun þessara framkvæmda, þegar af þeim yrði. Sett var í mesta forgang að ljúka frágangi á svæði milli malbiksvalla og grjóthleðslu og koma þar fyrir leiktækjum á öruggu undirlagi ásamt því að lífga upp á lóðina. Á eftir því kom svæði sunnan skólans og loks endurskoðun á leiksvæði austan skólans.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Ljúka við svæði milli grjóthleðslu og malbiksvalla og sett þar upp leiktæki, alls um 1.100 m².
- Fjölgað leiktækjum á lóð og skipt um undirlag.
- Endurskoða nýtingu á lóðarhlutum, t.d. í portum og á svæði milli skólans og íþróttamiðstöðvarinnar Versala.
- Endurnýja setpalla í „þingi“ í grjóthleðslu en þeir voru brenndir árið 2013.



Mynd 51. Salaskóli sumarið 2004. FB



Mynd 52. Þingið í Salaskóla sumarið 2009. FB



Mynd 53. Salaskóli 2009. BM

Nýrri skólarnir

Til nýrri skóla í Kópavogi teljast hér Vatnsendaskóli og Hörðuvallaskóli sem báðir eru í Vatnsendahverfi. Eins og áður hefur komið fram eru lóðir þeirra ekki hluti af verkefninu um endurgerð skólalóða. Ástæðan er sú að lóðir þessara skóla eru enn í byggingu og er því ekki um endurgerð að ræða heldur nýframkvæmd. Engu að síður mun vinnan í þessari skýrslu nýtast við gerð þessara lóða á sama hátt og endurgerð hinna og reynt verður að taka óskir og ábendingar skólasamfélagsins til greina eins og við aðrar lóðir.

Í þessum tveimur skólum er mikill fjöldi nemenda og fyrirsjáanleg fjölgun á næstu árum. Því er mjög mikilvægt að veitt verði fé til framkvæmda á þessum lóðum einnig en þær sitji ekki eftir meðan eldri lóðir eru endurbættar.

Vatnsendaskóli

Vatnsendaskóli stendur við Funahvarf og skólahverfið er norðan og austan Kórahverisins, þ.e. Þing og Hvörf. Skólinn tók til starfa 22. ágúst 2005. Fyrsta veturinn voru aðeins börn í 1. – 6. bekk í skólanum en árið 2009 var hann orðinn heildstæður með 1. – 10. bekk.




Skólinn stendur í hlíð sem hallar að Elliðavatni, einni helstu náttúruperlu höfuðborgarsvæðisins. Góðar forsendur eru fyrir hendi að tengja skólastarfið við umhverfið með virkum hætti. Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám eru leiðarljós skólans. Gildi skólanámskrár eru byggð á virðingu, vináttu, samvinnu og skapandi skólastarfi.

Fjöldi nemenda skólaárið 2015 – 2016 er 550. Nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt frá stofnun skólans og búist er við að sú þróun haldi áfram næstu ár. Árið 2020 er spáð að nemendafjöldi verði um 620.

Starfsfólk Smáraskóla skólaárið 2015 – 2016 telur 83 einstaklinga í 68,9 stöðugildum.

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
0	0	0	0	0	117	202	309	317	360	397	426	465	505	539	550



Tafla 32. Fjöldi nemenda í Vatnsendaskóla 2005 – 2015.

	2011	2012	2013	2014	2015
1. bekkur	63	62	61	71	67
2. bekkur	60	62	64	61	69
3. bekkur	58	60	57	60	60
4. bekkur	36	61	63	56	57
5. bekkur	39	34	60	64	56
6. bekkur	46	35	34	57	63
7. bekkur	40	46	41	34	53
8. bekkur	29	40	46	41	35
9. bekkur	31	32	45	48	43
10. bekkur	24	33	34	47	47
Samtals	426	465	505	539	550

Tafla 33. Fjöldi nemenda í Vatnsendaskóla 2011 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 54. Loftmynd af Vatnsendaskóla frá 2015.

Skólabyggingarnar

Vatnsendaskóli er við Funahvarf 2 og hefur landsnúmerið 199894 hjá FMR (Fasteignamati ríkisins). Fyrsti áfangi skólans var tekinn í notkun 2005 en syðsta og nýjasta álman árið 2012. Grunnflötur skólabygginga í dag er 3.388 m², auk tveggja lausra kennslustofa sem hafa verið við skólann síðan 2013 og eru samtals 170 m², en flatarmál bygginga alls er 6.678 m². Árið 2016 hefst bygging um 2.600 m² íþróttahúss Gerplu á þeim hluta lóðarinnar sem snýr að Fellahvarfi. Á efri hæð þjónustuhúss er gert ráð fyrir 4 kennslustofum fyrir skólann sem tengjast jarðhæð skólahússins.

Skólalóðin

Lóðarstærð skv. FMR er 26.285 m² en „raunstærð“ lóðar, þ.e. svæðið sem afmarkast af göngustígum vestan og norðan skólans, gangstéttum við Funahvarf og Fellahvarf og göngustíg milli Fellahvarfs og Grandahvarfs, er um 26.720 m². Lausleg skipting flatarmáls „raunstærðar“ lóðar sést á töflu 34.

Vatnsendaskóli		
Húsnæði (grunnflötur)	5.860 m ²	21,9%
Bílastæði og aðkomusvæði	3.600 m ²	13,5%
Malbikuð og hellulögð svæði	7.110 m ²	26,6%
Malarsvæði	100 m ²	0,4%
Gúmmi- og gerfigrasyfirborð	970 m ²	3,6%
Gras- og gróðursvæði	2.280 m ²	8,5%
Annað (ófrágengin lóð)	6.800 m ²	25,4%
Skólalóð alls:	26.720 m²	

Tafla 34. Skipting lóðar Vatnsendaskóla 2015.

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóð frá upphafi og núverandi ástand

Lóðarframkvæmdir hófust árið 2005 en mestu framkvæmdirnar voru árin 2006-2008 eftir því sem skólabyggingar risu. 2011-2013 var haldið áfram og m.a. gengið frá við nýjustu álmuna og gerð bílastæði við Fellahvarf. Árið 2015 var gerður nýr battavöllur og malbikaður boltavöllur þar sem þeir eldri voru fyrir nýju íþróttahúsi. Þá var einnig unnið að frágangi umhverfis tvær lausar kennslustofur sem færa þurfti til af sömu ástæðu. Um fjórðungur lóðarinnar, eða tæplega 6.800 m², er enn ófrágenginn, þ.m.t. allur vesturhlutinn næst Grandahvarfi.

Þrjú svæði með leiktækjum er á lóðinni. Það elsta er norðan við skólann og er frá 2006. Þar eru 2 rólur, klifurtæki, vegasalt og jafnvægisbretti. Annað, einnig gert árið 2006, er vestan við skólann og á því eru tvennskonar klifurtæki og jafnvægistæki. Þriðja svæðið er þar í grennd og á því er fimmhyrningróla sem sett var upp 2013. Undirlag á öllum svæðunum er gúmmihellur.

Tvær körfur eru vestan húss og ein stök að norðanverðu. Tvö boltamörk eru á malbikuðum velli auk battavallar sem gerður var árið 2006 en færður/endurnýjaður 2015.

Bílastæði við Funahvarf eru 42 talsins og við Fellahvarf eru 35 bílastæði. Þau síðarnefndu verða að nokkru í uppnámi næstu árin vegna byggingar íþróttahússins. Bílastæði hreyfihamlaðra er að finna á báðum stöðunum. „Sleppistæði“ var gert við Vatnsendaveg árið 2013. Hjólastæði eru alls 90.

Snjóbræðslulagnir eru í stéttum við innganga. Lýsing er á þeim hluta lóðarinnar sem er frágenginn. Girðingar á lóðinni eru aðeins við bílastæði við Funahvarf en í deiliskipulagi hverfisins er gert ráð fyrir girðingu meðfram göngustíg við Vatnsendaveg. Sorpgerði er staðsett við bílastæði við Funahvarf.

Ábendingar frá skólasamfélaginu

Frá skólanum komu ábendingar um að auka þyrfti öryggi barnanna á skólalóðinni, auk þess sem leiktækin sem þar eru þörfnuðust viðhalds. Einnig komu hugmyndir og tillögur frá bekkjarfundum nemenda. Þeir óska eftir leiktækjum eins og klifurveggjum, klifurgrindum, trambolíni og rólum. Einnig þrauta-, reiðhjóla- og hjólabrettabrautum. Jafnframt körfubolta-, fótbolta- og handboltavelli. Sjá nánar óskir skólans í fylgiskjali á bls. 74.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Ljúka lóðarframkvæmdum, um 6.800 m².
- Girða lóðina af meðfram Vatnsendavegi, um 260 m.



Mynd 55. Vatnsendaskóli vorið 2006. FB



Mynd 56. Vatnsendaskóli sumarið 2013. FB



Mynd 57. Vatnsendaskóli 2009. BM

Hörðuvallaskóli

Hörðuvallaskóli er hverfissskóli Kórahverfis og hóf starfsemi haustið 2006. Hann er því nýjasti skóli Kópavogsbæjar og jafnframt sá fjölmennasti.

Nemendur í 1. – 7. bekk eru í skólahúsnæði við Baugakór 38 og nemendur í 8. – 10. bekk eru í Kórnum sem stendur við Vallarkór 14. Þessu fyrirkomulagi var komið á haustið 2015 og voru fyrsta veturinn 169 nemendur í Kórnum.




Hörðuvallaskóli leggur áherslu á hollustu og hreyfingu sem og grunngreinarnar stærðfræði og lestur. Stundaskráin tekur mið af meginmarkmiðum skólans og einkennist af stuttum námslotum með hléum í formi hreyfi- og þrautátíma, frímínútum með frjálsum leik og tímum til að nærast á hollu og góðu nesti og mat. Einkunnarorð skólans eru „það er gaman í skólanum“ enda er góð líðan nemenda ein af grunnstoðum skólstarfsins.

Fjöldi nemenda skólaárið 2015-2016 er 779. Frá því skólinn var stofnaður hefur nemendum fjölgað mjög ört og fyrirsjálegt að sú þróun haldi áfram næstu ár, því spár gera ráð fyrir að árið 2020 verði nemendur í Hörðuvallaskóla um 940, þ.e. nær 20% fleiri en eru þegar þetta er ritað.

Starfsfólk Hörðuvallaskóla skólaárið 2015-2016 telur 118 einstaklinga í 91,4 stöðugildi.

2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
0	0	0	0	0	0	55	218	310	376	457	528	572	638	699	779



Tafla 35. Fjöldi nemenda í Hörðuvallaskóla 2006 – 2015.

	2011	2012	2013	2014	2015
1. bekkur	76	77	79	106	99
2. bekkur	75	78	81	75	107
3. bekkur	73	73	84	77	80
4. bekkur	63	75	77	80	74
5. bekkur	63	59	76	77	85
6. bekkur	51	59	61	85	80
7. bekkur	32	49	55	61	85
8. bekkur	43	35	48	57	63
9. bekkur	26	39	35	45	54
10. bekkur	26	28	42	36	52
Samtals	528	572	638	699	779

Tafla 36. Fjöldi nemenda í Hörðuvallaskóla 2006 – 2015 eftir árgöngum.



Mynd 58. Loftmynd af Hördúvallaskóla frá 2015. LK

Skólabyggingarnar

Hördúvallaskóli er við Baugakór 38 hefur landsnúmerið 203896 hjá FMR (Fasteignamatari ríkisins). Fyrsti áfangi skólans var tekinn í notkun 2005 og lokið var við nýjustu álmuna (þá syðstu) árið 2010 og þá var komið fyrir tveimur lausum kennslustofum á lóðinni. Árið 2011 var byggt við nýjustu álmuna og lausum kennslustofum fjölgað um þrjár. Grunnflötur skólabygginga í dag er 3.461 m² auk 425 m² í 5 lausum kennslustofum en flatarmál bygginga við Baugakór er alls 7.323 m². Árið 2015 var innréttað 1.590 m² húsnæði fyrir unglíngadeild Hördúvallaskóla í Kórnum. Hægt er að bæta við um 800 m² húsnæði í kjallara Kórsins ef með þarf. Einnig má fjölga um 5 lausar kennslustofur á skólalóðinni við Baugakór skv. samþykktu deiliskipulagi.

Lóðin

Lóðarstærð skv. FMR er 15.496 m² en „raunstærð“ lóðar, þ.e. svæðið sem afmarkast af göngustígum austan, sunnan og vestan skólans og lóðarmörkum við Baugakór 12-16, er um 19.280 m². Lausleg skipting flatarmáls „raunstærðar“ lóðar sést á töflu 37.

Hördúvallaskóli		
Húsnæði (grunnflötur)	3.890 m ²	20,2%
Bílastæði og aðkomusvæði	2.890 m ²	15,0%
Malbikuð og hellulögð svæði	5.740 m ²	29,8%
Malarsvæði	0 m ²	0,0%
Gúmmi- og gerfigrasyfirborð	1.320 m ²	6,8%
Gras- og gróðursvæði	4.440 m ²	23,0%
Annað (ófrágengin lóð)	1.000 m ²	5,2%
Skólalóð alls:		19.280 m²

Tafla 37. Skipting lóðar Hördúvallaskóla 2015.

Yfirlit yfir helstu framkvæmdir á lóð frá upphafi og núverandi ástand

Lóðarframkvæmdir við hófust árið 2006, var haldið áfram eins og hægt var samhliða byggingu skólans og nær frágengin 2010. 2014 var lóðin stækkuð um u.þ.b. 4.300 m², þar sem áður voru skólagarðar, leiktækjum fjölgað, lýsing bætt o.fl. Það ár var einnig unnið að frágangi við viðbyggingu. Eftir er að

ganga frá hluta lóðarstækkunar á svæði sem ætlað var fyrir körfuboltavöll o.fl. skv. lóðarskipulagi en hugsanlegt er að þar verði komið fyrir lausum kennslustofum. Haustið 2015 fluttust 8.-10. bekkur í skólahúsnæði í Kórnum. Þar er engin útiaðstaða.

Þrjú svæði með leiktækjum eru á lóðinni. Það elsta, sem er nærri battavellinum, er frá 2006 og á því eru 2 rólur og klifurtæki. Næsta er vestan við miðálmú skólans og var gert í tveimur áföngum árin 2009 og 2012. Þar er klifurtæki, jafnvægistæki, jafnvægistromla og körfuróla sem var fjarlægð 2015. Á þriðja svæðinu, sem gert var 2014, er aparóla (hlaupaköttur), svifrá, tvíslá og klifurtæki. Einnig eru á lóðinni samsettar jafnvæggisslár og einskonar klifurstöng. Undirlag á öllum svæðunum er gúmmihellur, nema við aparólu þar sem eru gúmmihellur og –mottur.

3 körfur eru á skólalóðinni en enginn körfuboltavöllur. Þar eru 2 malbikaðir boltavellir með samtals 4 mörkum og battavöllur sem gerður var árið 2006.

Bílastæði sunnan Baugakórs 12-16 eru 55 talsins og að auki eru „sleppistæði“ við Baugakór og Vatnsendaveg. Ógrynni bílastæða er við Kórinn en þau eru hér ekki talin með. Tvö bílastæði hreyfihamlaðra er vestan skólans og einnig 3 við Kórinn. Hjólastæði eru alls 168, þar af 30 við Kórinn.

Snjóbræðslulagnir eru í stéttum við innganga og í portum. Lýsing er á þeim hluta lóðarinnar sem er frágenginn. Lóðin er að nokkru leyti girt af. Sorpgerði er ekkert en stæði fyrir gám er við stíg austan skólans.

Ábendingar frá skólasamfélaginu

Á fundi skólaráðs Hörðuvallaskóla þann 4. febrúar 2016 var fjallað um verkefnið skemmtilegri skólalóðir. Þar kom fram að skólalóðin væri of lítil. Einnig voru settar fram óskir um leiktæki, s.s skólahreysti- og þrautabrautir og að málað yrði á velli. Sjá nánar óskir í fylgiskjali á bls. 75.

Hvað þarf helst að bæta á lóðinni á næstu árum að mati starfshópsins?

- Ljúka lóðarframkvæmdum, um 1.000 m².
- Endurskoða nýtingu svæðis sem losnar þegar lausar kennslustofur verða fjarlægðar.
- Skoðaðir verða möguleikar á uppbyggingu útisvæða við Kórinn.



Mynd 59. Hörðuvallaskóli vorið 2007. FB



Mynd 60. Hörðuvallaskóli sumarið 2012. FB



Mynd 61. Höfuðvallaskóli 2009. FB

Mat á lóðum m.t.t. ástands lóða, leiktækja og búnaðar

Við mat á skólalóðunum ræddi starfshópurinn margskonar útfærslur á matskerfi sem gefið gæti hlutlaus mynd af ástandi og innbyrðis samanburði milli lóðanna. Nauðsynlegt væri að vera með slíka faglega nálgun á málinu til að hægt væri að rökstyðja forgangsröð við endurbætur.

Eins og áður hefur komið fram eru nýjustu skólarnir tveir, Vatnsendaskóli og Hörðuvallaskóli, ekki hluti af þessu verkefni um endurgerð lóða, þar sem lóðir þeirra eru enn í byggingu. Þær ættu því ekki að vera í þessu matskerfi en eru hafðar hér með engu að síður til að hægt sé að sjá hvernig þær koma út í þessum samanburði.

Aðferðin sem hér er notuð byggist á því að nota tölfræðina sem er til staðar auk þeirra staðreynda sem komu fram við gerð skýrslunnar til að gera einskona mælikvaðra sem gefin er stig eftir innbyrðis samanburði, sjá töflu 39.

	Kópavogsskóli	Kársnesskóli		Álfhólskóli		Snælandsskóli	Smáraskóli	Lindaskóli	Salaskóli	SAMTALS	Vatnsendaskóli	Hörðuvallaskóli	SAMTALS
	Skólagerði	Vallagerði	Digranes	Hjalli									
Nemendur 2015-2016, alls	316	237	311	263	398	420	372	496	553	3.366	550	779	1.329
m ² af nettóstærð lóðar pr. nem.	48	46	21	52	30	24	34	33	30	34 M	31	16	22 M
Leiktæki, stk.	12	12	4	13	8	10	8	16	10	93	9	12	21
Leiktæki, stig	29	28	14	34	16	24	16	36	28	225	29	38	67
Aldur leiktækja, eldri en 12 ára	100%	100%	100%	90%	100%	100%	70%	90%	80%		0%	0%	
Aldur leiktækja, eldri en 18 ára	50%	60%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%		0%	0%	
Fjöldi nemenda pr. leiktæki	26	20	78	20	50	42	47	31	55	36 M	61	65	63 M
Fjöldi nem. pr. "leiktækjastig"	11	8	22	8	25	18	23	14	20	15 M	19	21	20 M
Körfur, stk.	3	3	4	3	4	4	7	5	6	39	3	3	6
Boltamörk, stk.	6	6	4	6	6	6	4	8	4	50	4	6	10
Fjöldi nem.pr. körfu	105	79	78	88	100	105	53	99	92	86 M	183	260	222 M
Fjöldi nem.pr. boltamark	53	40	78	44	66	70	93	62	138	67 M	138	130	133 M
Gervigrasvöllur, hvaða ár gerður	2005		2004	2004	2005		(2004)	2005	2005		2006	2006	
Körfuboltavöllur, ný gerð, hvaða ár							2015						
Hreystivöllur, hvaða ár gerður								2014					
Hjólábrettasvæði, hvaða ár gert						2002	(2008)						
Bílastæði alls	69	54	31	61	47	48	50	75	77	512	79	57	136
Þar af bílastæði hreyfihamlaðra	2	1	1	1	2	2	1	2	1	13	2	2	4
Hjólástæði	40	40	73	30	50	68	80	66	107	554	90	168	258
Fjöldi nemenda pr. hjólástæði	7,9	5,9	4,3	8,8	8,0	6,2	4,7	7,5	5,2	6,1 M	6,1	4,6	5,2 M
Setaðstaða o.fl., A-C	C	C	B	B	B	B	C	B	B				
Lýsing, A-C	C	B	C	C	B	A	A	A	B				
Girðingar, A-C	B	B	C	B	B	B	B	B	A				
Alm. ástand lóðar, A-C	B	C	B	B	B	A	B	A	B				
Þörf á endurhönnun, A-C	B	A	B	A	C	C	B	C	B				
Staða endurhönnunar, A-C	A	C	C	B	C	C	B	C	A				

Tafla 39. Ýmis tölfræði og mælikvarðar sem notaðir voru til grundvallar við mat á forgangi.

Pláss / þrengsli. Skoðað var hlutfallið milli fjölda nemenda og nettóstærðar lóðar, þ.e. þegar grunnflötur bygginga, bílastæða og aðkomu er dreginn frá flatarmáli „raunstærðar“ lóðar, sjá bls 9. Útkoman er fjöldi fermetra á hvern nemanda. Meðaltal á eldri lóðum er 34 m² pr. nemanda. 5 lóðir eru undir því meðaltali, minnst 21 m² pr. nemanda. Þær sem eru fjærst meðaltali, þ.e. minnsta plássíð, lenda í mestum forgangi. Meðaltal á nýrri lóðum er 22 m² pr. nemanda.

Leiktæki. Skoðaður var fjöldi leiktækja og „leiktækjastiga“ á hverri lóð, sjá bls. 9. Meðaltal á eldri lóðum er 35 nemendur um hvert leiktæki en 15 um hvert leiktækjastig. 5 lóðir eru yfir því meðaltali. Þær sem eru fjærst meðaltali, þ.e. flestir um leiktækin, lenda í mesta forgangi. Meðaltal á nýrri lóðum er 63 nemendur um hvert leiktæki en 23 um hvert leiktækjastig. Einnig var aldur leiktækjanna skoðaður. Á 5 eldri lóðanna voru öll leiktæki eldri en 12 ára og 70-90% leiktækja á hinum 4 lóðunum. Á tveimur lóðanna var um eða yfir helmingur leiktækjanna eldri en 18 ára og reyndar allt að 25 ára gamall. Eins og gefur að skilja eru leiktæki nýrri lóðanna yngri.

Körfur og boltamörk. Skoðað var hversu margir nemendur væru um hverja körfu og hvert boltamark á lóðinni. Meðaltal á eldri lóðunum er 86 nemendur um hverja körfu og 67 um hvert boltamark. 6 lóðir eru yfir meðaltali með körfur en 4 með boltamörk. Þær sem eru fjærst meðaltali lenda í mesta forgangi. Meðaltal á nýrri lóðum er 222 nemendur um hverja körfu og 133 um hvert boltamark.

Hjólastæði. Skoðað var hversu margir nemendur væru um hvert hjólstæði á lóðinni. Meðaltal á eldri lóðunum er 6,1 nemandi um hvert hjólstæði og eru 5 lóðir eru yfir meðaltalinu. Þær sem eru fjærst meðaltali, þ.e. flestir um körfurnar og mörkin, lenda í mesta forgangi. Meðaltal á nýrri lóðum er 5,2 nemendur um hvert hjólstæði.

Ýmis önnur atriði varðandi lóðirnar voru einnig metin og gefið A-C í einkunn, þar sem A er best. Þetta eru **setaðstaða o.fl.** á lóð annað en hefðbundin leiktæki og mörk, **lýsing, girðingar** og **almennt ástand lóðar**. Lóðir sem fá C í einkunn lenda í mesta forgangi.

Endurhönnun og undirbúningur. Loks var tekið fyrir hversu mikil þörf væri á endurhönnun lóðarinnar. Aftur er gefið A-C í einkunn, þar sem A er mesta þörfin og/eða mesta verkið, og lóðir sem fá A lenda í mesta forgangi. Síðast en ekki síst var metið hversu langt undirbúningur verka væri á veg kominn, sem hlýtur að skipta miklu fyrir framkvæmdir þessa árs, þar sem skammur tími er til stefnu. Samþykktar tillögur liggja fyrir um tvær lóðanna og lenda þær því í mesta forgangi.

	Kópavogsskóli	Kársnesaskóli	Álfhólsaskóli	Snaelandsskóli	Smáaskóli	Lindaskóli	Salaskóli	MEDALTAL	
	Skólagerði	Vallagerði	Digranes	Hjalli					
m ² af nettóstaða lóðar pr. nem.	3	3	1	3	2	1	2	2,1	
Aldur leiktækja, eldri en 12 ára	1	1	1	2	1	1	3	1,6	
Aldur leiktækja, eldri en 18 ára	1	1	3	3	3	3	3	2,6	
Fjöldi nemenda pr. leiktæki	3	3	1	3	2	2	2	2,2	
Fjöldi nem. pr. "leiktækjastig"	3	3	1	3	1	2	1	2,1	
Fjöldi nem. pr. körfu	1	3	3	2	1	1	3	1,9	
Fjöldi nem. pr. boltamark	3	3	2	3	3	2	1	2,3	
Fjöldi nemenda pr. hjólstæði	1	3	3	1	1	2	3	2,1	
Setaðstaða o.fl., A-C	1	1	2	2	2	2	1	1,7	
Lýsing, A-C	1	2	1	1	2	3	3	2,0	
Girðingar, A-C	2	2	1	2	2	2	2	2,0	
Alm. ástand lóðar, A-C	2	1	2	2	2	3	2	2,1	
Þörf á endurhönnun, A-C	2	1	2	1	3	3	2	2,1	
Staða endurhönnunar, A-C	1	3	3	2	3	3	2	2,3	
Stig:	25	30	26	30	28	30	30	35	28
Einkunn:	1,8	2,1	1,9	2,1	2,0	2,1	2,1	2,5	2,0
Sæti:	1.	4.-8.	2.	4.-8.	3.-4.	4.-8.	4.-8.	9.	3.-4.

Auðvitað er þetta ekki gallalaus aðferð og deila má um hvort nota ætti fleiri mælikvarða eða færri. Það er engu að síður niðurstaða starfshópsins að þessi leið yrði farin. Í töflu 40. eru þessar niðurstöður settar fram á einfaldari hátt þar sem hver mælikvæði fær 1-3 stig á hverri lóð, þar sem 1 er mesti forgangur og 3 minnsti. Stigin eru síðan lögð saman og mælikvarðarnir 14 hafa jafnt vægi. Því lægri sem einkunnin er þeim mun verri er staðan metin og forgangur því meiri.

Tafla 40. Tillaga um forgangsröðun skólalóða í framkvæmdum m.v. metna þörf.

Tillögur starfshóps um forgangsröðun á endurgerð skólalóða

Eftirfarandi er samantekt yfir þau verkefni sem starfshópurinn telur brýnast að farið sé í á næstu árum og tillögur um forgangsröðun þeirra, m.v. greiningu og mælikvarða sbr. síðasta kafla. Verkefnum er skipt á áfanga en fjárveiting hvers árs ræður hve mikið er hægt að gera hverju sinni. Eins og áður hefur komið fram eru kostnaðarhugmyndir vegna verkanna oft mjög óljósar, þar sem aðeins liggur fyrir á fáum lóðum eiginleg tillaga að endurbótum. Lagt er til að á þessu ári verði farið í töluverða undirbúnings- og hönnunarvinnu, samhliða því að byrjað verði á verkum sem metin eru í mesta forgangi, þ.e. fyrsta áfanga. Ljóst er að ekki tekst að ljúka verkum í fyrsta áfanga á árinu 2016, m.v. að fjárveiting sé 50 millj. kr.

Kópavogsskóli	Endurgerð svæðis á austurlóð, auknir leikmöguleikar. Fyrri hluti: Um 1.900 m ² . Áætlaður kostnaður 20-24 mkr.	Áfangi 1
	Endurgerð svæðis á austurlóð, auknir leikmöguleikar. Seinni hluti: Um 2.100 m ² . Áætlaður kostnaður 12-18 mkr.	Áfangi 2
	Endurnýjun leiktækja og búnaðar í porti að sunnanverðu, endurskoða nýtingu svæðis.	Áfangi 2
	Endurskoðun og breytt nýting á svæði næst húsi í suðvesturhluta lóðar, tengja saman við endurgerð leiksvæðis og –tækja að sunnanverðu.	Áfangi 3
Kársnesskóli – Skólagerði	Auka leikmöguleika á norðurhluta lóðar, m.a. vegna Dægradvalar. Um 600 m ² . Áætlaður kostnaður 12-16 mkr.	Áfangi 1
	Endurgera suðurhluta lóðar í heild sinni, alls um 2.300 m ² . Áætlaður kostnaður 40-50 mkr.	Áfangi 1-2
	Ganga frá suðvestur- og vesturhluta lóðar, áfangaskipt.	Áfangi 3
Kársnesskóli – Vallargerði	Endurnýja austurhluta lóðar og auka leikmöguleika. Athuga möguleika á stækkun lóðar inn á núverandi Vallargerðisvöll. Um 1.000 m ² . Áætlaður kostnaður 14-18 mkr.	Áfangi 1
	Endurnýja leiktæki og yfirborð á vesturhluta lóðar, endurskoða og bæta leikmöguleika.	Áfangi 2
Álfhólsskóli – Digranes	Ganga frá suðurhluta lóðar, þar sem byggingar voru rifnar 2010 og endurnýja leiksvæði í suðvesturhorni, alls um 3.600 m ² . Áætlaður kostnaður 50-60 mkr.	Áfangi 2
	Endurskoða austurhluta lóðar.	Áfangi 2-3
Álfhólsskóli – Hjalli	Endurnýja leiksvæði og –tæki á vesturhluta lóðar og boltavöll (nú malarvöllur) í norðvesturhorni. Skoða svæðið í heild, um 2.800 m ² .	Áfangi 1-2
	Skoða nýtingu á svæði milli gerfigrasvallar og nýjustu álmu skólans.	Áfangi 2
Snælandsskóli	Endurnýjun leiksvæða, bæði tækja / búnaðar og yfirborðs.	Áfangi 2
	Huga að betri nýtingu á núverandi grashól austan skólans.	Áfangi 3
Smáraskóli	Endurhanna leiksvæði og endurnýja hluta leiktækja / búnaðar og yfirborðs á norðausturhluta lóðar. Um 1.100 m ² . Áætlaður kostnaður 10-12 mkr.	Áfangi 1-2
	Gera nýjan gerfigrasvöll á vesturhluta lóðar, t.d. þar sem lausar kennslustofur stóðu áður. Um 600 m ² . Áætlaður kostnaður 15-18 mkr.	Áfangi 2
	Endurgera hluta svæðis á vesturhluta lóðar og gera þar útikennslusvæði. Setja upp girðingu á vesturhluta lóðar. Fjölga leikmöguleikum á lóð.	Áfangi 2-3
	Skoða nýtingu á svæði milli skólalóðar og íþróttahússins Smárans.	Áfangi 3
Lindaskóli	Endurnýja leiktæki og undirlag.	Áfangi 2-3
	Endurskoða ýmsa lóðarhluta, m.a. svæði á vesturhluta lóðar þar sem lausar kennslustofur stóðu áður.	Áfangi 3
Salaskóli	Ljúka við svæði milli grjóthleðslu og malbiksvalla og setja þar upp leiktæki á öruggu yfirborði, alls um 1.100 m ² . Áætlaður kostnaður 20-22 mkr.	Áfangi 1
	Fjölgað leiktækjum á lóð og skipt um undirlag.	Áfangi 2
	Endurskoða nýtingu á lóðarhlutum, t.d. í portum og á svæði milli skólans og íþróttamiðstöðvarinnar Versala.	Áfangi 3

Tafla 41. Tillaga að forgangsröðun brýnustu verka í endurgerð skólalóða.

Mikilvægt er að kostnaðaráætlanir séu gerðar samhliða því að endurbætur lóðar eru hannaðar. Einnig er nauðsynlegt að framkvæmdalisti í töflu 41 sé endurskoðaður reglulega og uppfærður.

Tillögur starfshóps um stefnumörkun um körfuboltavelli, hreystivelli og hjólabrettasvæði

Körfuboltavellir

Haustið 2015 var fyrsti körfuboltavöllur nýrrar gerðar, með plastyfirborði, settur upp við Smáraskóla og nýtur hann mikilla vinsælda.


Á fundi bæjarráðs 12.11. 2015, undir málinu *Aðstaða á skólalóðum fyrir körfubolta*, var lögð fram og samþykkt eftirfarandi tillaga: „Í kjölfar þess að reistur hefur verið nýr og glæsilegur körfuknattleiksvöllur við Smáraskóla beinir bæjarráð því til menntasviðs í samvinnu við



Mynd 62. Nýr körfuboltavöllur við Smáraskóla. ÓP

umhverfissvið að meta í samvinnu við skólastjórnendur í Kópavogi hvort aðstaða til körfuknattleiks (þ.m.t. vellir og körfur) á skólalóðum sé fullnægjandi. Körfuknattleikur nýtur nú vaxandi vinsælda og fjölmörg börn sýna íþróttinni áhuga í kjölfar ágæts árangurs landsliða í íþróttinni. Mikilvægt er að börn fái tækifæri til að stunda íþróttina á skólalóðum og að aðstaða til slíks sé góð.“

Eitt af því sem starfshópnum var ætlað að gera var að móta stefnu um staðsetningu körfuboltavalla í bænum. Mælt er með að vandaðir körfuboltavellir, líkt og kominn er við Smáraskóla, verði settir upp



Mynd 63. Staðsetning körfuboltavalla. Tillaga um staðsetningu nýrra körfuboltavalla með plastyfirborði, m.v. að einn slíkur verði í hverju hverfi, til að byrja með. Árið 2015 var sá fyrsti settur upp við Smáraskóla. Lagt er til að næstu vellir verði staðsettir við Kársnesskóla – Vallargerði, Álfhólsskóla – Digranes, Salaskóla og Hörðuvallaskóla (eða Kórin).

á öllum skólalóðum bæjarins eða á opnum svæðum í nágrenni þeirra ef nægilegt pláss er ekki fyrir hendi á lóð. Til að byrja með verði einn slíkur settur upp í hverju af fimm hverfum bæjarins, sjá mynd 63. Körfuboltavöllur er þegar kominn í Smárahverfið og er lagt er til að þeir næstu verði staðsettir við Kársnesskóla – Vallargerði, Álfhólsskóla – Digranes, Salaskóla og Hörðuvallaskóla (eða við Kórin). Síðar verði vellir settir upp við

Kársnesskóla – Skólagerði, Kópavogsskóla, Álfhólsskóla – Hjalla, Snælandsskóla, Lindaskóla og Vatnsendaskóla.

Áætlaður kostnaður við þá 4 velli sem lagt er til að farið verði í fyrst er 45-50 millj. kr. en 65-70 millj. kr. við hina 6 sem eftir eru.

Hreystivellir

Starfshópnum var einnig ætlað að marka stefnu um staðsetningu hreystivalla í bænum. Í dag er aðeins einn hreystivöllur eða hreystibraut í Kópavogi. Völlurinn, sem er í fullri stærð, var settur upp vorið 2014 við Lindaskóla. Margir skólar óska eftir að fá hreystivöll eða -brautir á lóðir sínar og mælir starfshópurinn með að hreystivellir að ýmsum gerðum verði settir upp á skólalóðum bæjarins. Um er að ræða vinsælt



Mynd 64. Hreystivöllur við Lindaskóla, settur upp 2014. FB

íþróttatengt tæki sem fjölmargir geta notað á sama tíma og nýtist vel til útikennslu og leikja. Ekki má heldur gleyma að tæki sem þetta stuðlar að eflingu lýðheilsu bæjarbúa.

Hjólabrettasvæði

Fyrsta hjólabrettasvæðið í Kópavogi var tekið í notkun haustið 2002 og um svipað leyti var settur upp einfaldur hjólabrettarampur og -grindur við Lindaskóla. Eina stóra hjólabrettasvæðið er sunnan við íþróttahúsið Smárann. Það svæði er um 840 m² að stærð með fjölbreyttum hjólabrettatækjum. Töluverðar kvartanir hafa verið við völlinn við Smárann og nálægðar hans við battavöllinn, sjá ábendingar frá foreldrum í Smáraskóla í fylgiskjali á bls. 73. Gerð er tillaga að breytingum til að minnka þessa árekstra, sjá nánar bls. 62. Ekki hefur farið mikið fyrir kvörtunum um hjólabrettaaðstöðuna við Snælandsskóla eða Lindaskóla. Sumir skólanna hafa óskað eftir hjólabrettatækjum á lóðir sínar og er það mat starfshópsins að meta þurfi aðstæður á hverjum stað og jafnvel grenndarkynna meðal nágretta, áður en farið er í slíkar framkvæmdir. Hafa verður í huga að oft er ekki síður ónæði af körfuboltaleik á skólalóðum og hafa kvartanir oft borist vegna þess.



Mynd 64. Hjólabrettasvæði við Smárann, í nágrenni Smáraskóla. FB

Starfshópnum var ætlað að setja fram stefnumörkun um staðsetningu hjólabrettasvæða í bænum. Niðurstaðan er sú að aðstaðan við Smáraskóla er góð og er lagt til að hún verði þar áfram. Ef ákveðið verður að gera annað álíka svæði í Kópavogi þá leggur hópurinn til að það verði staðsett norðan við Kórin. Kostnaður vegna hjólabrettasvæðis, sambærilegu því sem er við Smárann er 16 - 18 millj. kr.

Endurnýjun gervigrass sparkvalla (battavalla) og gúmmíkurla á þeim

Á árunum 2004-2006 voru byggðir 8 sparkvellir (battavellir) á skólalóðum í Kópavogi og sá níundi við Smárann í nágrenni lóðar Smáraskóla. Snælandsskóli og Kársnesskóli eru einu skólalóðirnar þar sem ekki er battavöllur. Reiknað er með að endingartími á gervigrasi vallanna sé um 10 ár miðað við eðlilegt álag. Álag á vellina á skólalóðum hefur verið er mjög mikið og kominn er tími á endurnýjun gervigrass allra vallanna að mati íþróttadeildar. Sú endurnýjun hófst 2015 þegar skipt var um gervigras og gúmmíkurl á völlum við Lindaskóla og Vatnsendaskóla. Í ljósi umræðu um hugsanlega krabbameinsvaldandi efni í gúmmíkurlu úr endurunnum dekkjum sem notað hefur verið í fyllingarefni með gervigrasi þessara valla er enn frekari þörf á að flýta endurnýjun. Áætlaður kostnaður við útskipti á gervigrasi og gúmmí á völlum sjö sem eftir eru er um 42 millj. kr., þ.e. um 6 millj. kr. hver völlum sem skiptist gróft þannig að um þriðjungur er vegna gúmmíkurla en 2/3 hlutar vegna gervigrassins.



Mynd 65. Battavöllur. FB

Þann 8. mars 2016 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs einróma á fundi sínum að lokið verði við að skipta út gúmmíkurlu úr dekkjum á sparkvöllum við grunnskóla bæjarins fyrir árslok 2016. Hagur barna er hafður að leiðarljósi í ákvörðun bæjarstjórnar að því er fram kemur í tillögunni.

Á fundum starfshópsins hefur einnig komið til tals ýmiskonar önnur aðstaða og rætt um hvort ætti heima á skólalóðum. Dæmi um það eru hjólaferðabraut og skautasvell.

Hjólaferðabraut eða -svæði

Stefna bæjarins er að hvetja grunnskólanemendur til að nota vistvæna ferðamáta til og frá skóla. Með því skapast öruggara umhverfi við skólana á álagstímum. Með því að setja upp hjólaferðarsvæði eða útbúa leið til að flytja hjólaferðabrautir á milli skóla er verið að styðja við þessa stefnu. Hjólaferðarsvæði hjálpar til við þjálfun barna á hjólum, kennir umferðarreglur og hegðun á stígakerfi bæjarins. Skoða þarf hvort sé hentugra að vera með hjólaferðarsvæði á einum stað í bænum eða færanlegt sem flyst á milli skóla/leikskóla á vor- og haustmánuðum.

Skautasvell

Íþróttaráð hefur bókað um að skoðaðir verði möguleikar á að komið verði upp skautasvelli í bænum og hefur þetta verið rætt í starfshópnum. Ekki er þó talið heppilegt að skautasvelli sé komið fyrir á skólalóð þar sem slíkt þyrfti að vera opið almenningi og gæti skarast við skólastarfið. Eins og áður hefur komið fram er töluverð óánægja með sambýli hjólabrettasvæðis og battavallar sunnan Smárans. Einnig hefur komið fram að lagt er til að nýr battavöllur verði settur upp á lóð Smáraskóla til að fyrirbyggja árekstra nemenda og „brettafólksins“. Ekki er gert ráð fyrir að battavöllurinn verði færður þar sem slíkt kostar í raun það sama og nýr. Ein hugmyndin er að battavöllurinn sem nú er við Smárann verði nýttur sem tæplega 600 m² skautasvell á vetrum. Einnig mætti skoða möguleika á skautasvelli á opnum svæðum, t.d. á tjörn sem sýnd er á deiliskipulagi svæðisins við menningarhúsin við Hamraborg.

Lokaorð

Að lokinni þessari vinnu er ýmislegt sem eftir stendur og ekki hefur þegar komið fram í skýrslunni. Dæmi um það er nýting á skólalóðum. Hvernig er hún? Hvað er það sem er vinsælast og mest notað? Hvaða lóðarhlutar virka best og hverjir síst? Þetta er án efa vitað í hverjum skóla fyrir sig en áhugavert væri að safna þeim upplýsingum saman til að nota í þeirri vinnu sem framundan er við endurbætur á skólalóðunum. Lagt er til að gerð verði könnun á þessu nú fyrir vorið á vegum menntasviðs og umhverfissviðs.

Annað sem án efa bætir skólalóðir er trjágróður og reyndar allur gróður. Þar kemur líka sterkt inn fræðsluþáttur lóðanna. Lagt er til að gróður á skólalóðum verði tekinn sérstaklega fyrir í öðru verkefni sem er í vinnslu á vegum garðyrkjustjóra og umhverfissviðs; „Gróðurinn í bænum – stefna Kópavogsbæjar í ræktunarmálum“.

Varðandi reiðhjólstæði er lagt til að sett verði markmið að þau verði við alla grunnskóla fyrir a.m.k. 20% nemenda og starfsfólks og að stefnt verði að því að hluti þeirra verði yfirbyggður. Til að ná þessum markmiðum þarf heildarfjöldi hjólstæða við grunnskólana að aukast um u.þ.b. 300 frá því sem nú er. Fjórir skólar eru nú þegar nálægt því að ná þessu markmiði.

Á næstu árum er fyrirsjáanlegt að mikið verður gert í endurbótum á skólalóðum Kópavogsbæjar, enda mikið verk að vinna. Eins og nefnt er fyrr í þessari skýrslu er nauðsynlegt er að vanda vel til verka. Það á ekki síst við um undirbúningsvinnuna, áður en að framkvæmdum kemur. Gerð er tillaga um nýja vinnutilhögun við meiriháttar endurhönnun og endurgerð skólalóða. Skipaður verði starfshópur um hverja lóð sem samanstendur af starfsfólki umhverfissviðs og menntasviðs, skólastjóra viðkomandi skóla, ásamt fulltrúum kennara og foreldra. Einnig verði tryggt að nemendur eigi kost á að koma að þessari vinnu. Að sjálfsögðu má ekki gleyma hönnuðum lóðanna, landslagsarkitektunum.

Það er von okkar sem störfuðum í starfshópi um skemmtilegar skólalóðir og vinnan sem lögð hefur verið í þessa skýrslu komi að gagni og skili sér í verkefnið á næstu árum.

15. mars 2016

F.h. starfshóps um skemmtilegar skólalóðir,

Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar

Ljósmyndir

BM	Bent Marinósson, 2009
EES	Einar E. Sæmundsen
FB	Friðrik Baldursson
LK	Landupplýsingakerfi Kópavogsbæjar (loftmyndir)
LM	Landmótun sf.
ÓÞ	Ljósmyndari óþekktur

Heimildir og vinnugögn

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 - greinargerð. 2014. Kópavogsbær.

Aðalskoðun skólalóða í Kópavogi – skoðunarskýrslur. Apríl 2015. BSI á Íslandi.

Aðalskoðun skólalóða í Kópavogi – kynning í skólanefnd. Október 2015. Garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar.

Bílastæði hreyfihamlaðra við stofnanir Kópavogsbæjar - úttektarskýrsla. Júlí 2014. Umhverfissvið Kópavogsbæjar.

Flatarmál skólahúsnaðis og skólalóða. 2016. Fasteignamat ríkisins og byggingarfulltrúi Kópavogsbæjar.

Frágangur skólalóðir í Kópavogi – samantekt og lausleg áætlun. 2001. Garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar.

Grunnskólar Kópavogs – fjöldi nemenda og starfsfólks 2015-2016. 2016. Menntasvið Kópavogsbæjar.

Grunnskólar Kópavogs – upplýsingar af heimasíðum. 2016.

Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942 / 2002.

Rekstrarskoðun skólalóða í Kópavogi – skýrslur. Nóvember 2015. Umhverfissvið Kópavogsbæjar.

Salaskóli – samanburður á Salaskóla og öðrum skólum og hugmyndir að endurbótum. 2015. Kristinn Þór Ingvason og Kristófer Ómarsson.

Skólalóðir – hönnun og endurgerð - kynning í starfshópi. Janúar 2016. Aðalheiður E. Kristjánsdóttir landslagsarkitekt FÍLA.

Skólalóðir í Kópavogi 1996-2015– yfirlit yfir helstu framkvæmdir. 2016. Garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar.

Skólalóðir í Kópavogi – fjórar glærukynningar í starfshópi. Desember 2015 og janúar 2016. Garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar.

Skólalóðir í Kópavogi – greinargerð um ástand lóða og kostnað við frágang þeirra. Desember 1988. Garðyrkjudeild Kópavogs.

Skólalóðir – stöðugreining og stefnumörkun. 2004. Fasteignastofa Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Skóla- og leikskólalóðir í Kópavogi – yfirlit um ástand lóða. Október 1994. Bæjarskipulag Kópavogs.

Fylgiskjöl

1. Bréf til skólastjóra dags. 1.12.2015.

1. desember 2015

„Skemmtilegri skólalóðir“

Í málefnaþingum um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Kópavogs kjörtímabilið 2014-2018 segir í kaflanum um skóla- og menntamál:

Skólar í Kópavogi eiga að halda sér í fremstu röð. Til þess að svo megi verða þarf að skerpa á ýmsum þáttum innan skólanna sem snúa að náminu en um leið tryggja að börnunum líði vel í skólanum og að hugað sé að velferð þeirra í hvívetna. Faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði verður elft, farið verður í stefnumótandi verkefni um leið og ráðist verður í framkvæmdir á ýmsum sviðum.

Eitt þessara verkefna er skemmtilegri skóla- og leikskólalóðir.

Í nýsamþykktri fjárhagsáætlun fyrir 2016 eru fjárveitingar ætlaðar þessum framkvæmdum og gert er ráð fyrir að svo verði næstu árin þar sem verkefnið er yfirgripsmikið. Settir hafa verið á laggirnar tveir starfshópar skipaðir starfsmönnum Umhverfissviðs og Menntasviðs, annars vegar fyrir grunnskólalóðir og hins vegar fyrir leikskólalóðir, en verkefnisstjóri hópanna er undirritaður. Starfshópunum er m.a. ætlað að kynna sér ástand lóða, meta þörf á endurgerð þeirra og gera tillögur um forgangsroðun verkefna til næstu ára. Einnig verður farið í stefnumörkun, t.d. um staðsetningu körfuboltavalla, hreystivalla, hjólabrettasvæða o.fl. í bænum.

Með „skemmtilegri“ lóðum er ekki aðeins átt við að gera lóðirnar fjölbreyttari og auka notagildi þeirra fyrir alla aldurshópa, heldur einnig að sinna meiriháttar viðhaldi og eðlilegri endurgerð lóðanna og búnaðar á þeim. Þetta getur m.a. náð til leiktækja o.þ.h. búnaðar, íþróttavalla og –tækja, breytinga á yfirborði lóða, lýsingar og girðinga svo nokkuð sé nefnt.

Verkefnið verður unnið í samstarfi við skóla og foreldrafélög. Því er hér með óskað eftir ábendingum og stuttri greinargerð frá hverjum grunnskóla/leikskóla um hvað er talið brýnast að gera á hverjum stað. Mikilvægt er að greinargerðin verði unnin í samráði við skólaráð og stjórnir foreldrafélaga. Æskilegt er að greinargerðin berist undirrituðum í síðasta lagi 25. janúar 2016.

Virðingarfyllt,

Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri

fridrik@kopavogur.is

2. Innsend gögn frá skólum dags. í janúar – febrúar 2016

Kársnesskóli – Skólagerði

- Óskað er eftir að lóðin verði öll tekin í gegn og sett ný leiktæki.
- Til bráðabirgða er nauðsynlegt að koma með ný tæki sem henta þessum aldurshópi. Á fundi með starfsmönnum í Dægradvöl kom fram eindregin ósk um stóran kastala sem nýtist í ævintýraleik og klifur að öllu tagi. Hann gæti verið staðsettur norðan megin við skólahúsið eða sunnan megin við íþróttahúsið.
- Einnig sárvantar fleiri leiktæki á báðar skólalóðirnar og að setja gúmmímottur undir leiktæki er nauðsynlegt.
- Farið var inn í nokkra bekki og nemendur komu með margar góðar hugmyndir að tækjum sem passa fyrir aldur 1. – 7. bekk.
- Pizzaróla, kongólaróla, trambólín í jörðu, klifurgrind með alls konar keðjum og böndum, fleiri rólur, aparóla, vegasalt, gubburóla, kóngólarvefur, langar súlur, snúningsróla, skólahreystibraut, hoppukastali, hókkívöllur o.fl.

Kársnesskóli – Vallagerði

- Óskir nemenda um að reistir verða brautir fyrir hjólabretti, sem gæti verið staðsett við sparkvöll austan við húsið.
- Huga að fleiri leiktækjum á þeim hluta skólalóðar sem henta eldri nemendum t.d. sem reynir á þol og kraft fyrir útileikfimi.
- Endurnýja leiktæki sem eru vestanmegin við húsið.

Álfhólsskóli

Tillögur frá foreldrum af fulltrúaráðsfundi Álfhólsskóla 19. janúar 2015 (á við báðar lóðirnar):

- Reiðhjólaskýli
- Reiðhjólbrautir/hjólabrettabrautir
- Brennustæði sem hægt er að sitja við
- Eldhús/eldstæði – gæti nýst í heimilsfræði, hægt að baka brauð og grilla pylsur
- Leiktæki sem efla hreyfifærni/þroska - trjádrumbar
- Þrautabraut (svípað og skátar nota)
- Skólahreystibraut
- Aparóla
- Rólur, stórar netrólur, „Gubburóla“ – líka Hjallamegin
- Nýta landslagið – búa til leikhús / leikvang
- Boltaleikvöllur fyrir aðrar boltaíþróttir en fótbolta – upphitaður völlur
- Upphitaður körfuboltavöllur
- Gúmmígólf á körfuboltavelli
- Endurskoða sparkvellina / Nýja sparkvelli beggja megin – t.d. minni velli
- Blakvöllur
- Trampólín
- Spiderman klifurgrind
- Klifurgrindur með t.d. teyjum/neti
- Leiktæki eins og í Hörðuvallaskóla
- Eitthvað í líkingu við leiktækin í Hjómuskálagarðinum
- Tæki sem æfa jafnvægi, aparóla o.fl eins og er á lóð hjá Grunnskóla Hveragerðis

- Skoða hugmyndir frá norðurlöndum sjá vefsíðu www.kompan.dk
- Klifurvöllur
- Klifurhús/setja upp klifurvegg á húsið (ekki það háan að hægt sé að komast upp á þak)
- Reipi til að sveifla sér
- Frisbíkörfur (frisbígolf)
- Mála línur fyrir brennibolta
- Mála margföldunarparís / venjulegan parís
- Smíðavöllur
- Stóra bolta (æfingabolta)
- Ýmsir smáhlutir s.s. stultur og kubb
- „Þoturassa“ snjóþotur
- Salt- / sandkassa á lóðir (til að bera á svell þegar þess þarf)
- Hitalögn á göngustíga lóða
- Snjóblásturstæki í hvorn skóla

Álfhólsskóli – Digranes

Tillögur frá foreldrum af fulltrúaráðsfundi Álfhólsskóla 19. janúar 2015 (sjá undir Álfhólsskóla um það sem á við báðar lóðirnar):

Tillögur frá nemendum í Digranesi:

- Einföld skólahreystibraut
- Vantar fleiri leiktæki t.d.
- Stóra klifurgrind
- Stærri kastala
- Tæki sem fer í hringi
- Rennibraut
- Vilja svæði með mjúku undirlagi til að leika sér á
- Mála parísa og fleira á lóðina

Álfhólsskóli – Hjalli

- Aparóla
- Kastali með rennibraut
- Annan gervigrasvöll við kirkjuna
- Fleiri rólur
- Hreystibraut/þrautabraut
- Betra vegasalt
- Körfuboltavöll með körfum á mótum hvor annari
- Róla eins og er í Guðmundalundi
- hringekja með stöngum
- Staur með flaggi (e.o. í Hörðuvallaskóla)
- Sandkassi
- Nestisbekkur (með borði í miðjunni)
- Kofi
- Almennilegur körfuboltavöllur (körfur báðum megin)
- Pýramídi (kóngulóarvefur/klifrugrind)
- Hringekja (líkt og í Fossvogsskóla)
- Skate park
- Lagfæra malarvelli

- Spiderman róla
- Klifurgrind
- Trampolín í jörðu
- Mála á lóðina

Snælandsskóli

Hugmyndir og tillögur 6. bekkinga að breytingum og nýjungum á skólalóð:

- Aparóla
- Taka dekkjakurlíð af gerfigrasvellinum
- Mjúkar hellur undir leiktækin
- Ný leiktæki, t.d. þrautabraut/kastala eins og er við Fossvogsskóla
- Bæta lýsingu í og við skólalóð með fleiri ljósastaurum
- Aparólu (ekki eins og er í Fossvossskóla, heldur eins og er í Húsdýragarðinum og mini-golfvellinum í Grafarvogi)
- Klifurvegg
- Svæði úti þar sem hægt er að búa til og skapa (smíða, tálga, mála)
- Skautavöll
- Matjurta- og gróðurgarð (sem gæti nýst í náttúrufræði og heimilisfræði)
- Fleiri leiktæki hjá miðstigi.
- Hreystivöll/brautir
- Körfuboltavöllur með dúk (sbr. Smáraskóla)
- Fleiri rólur, vegasalt, rennibraut og önnur leiktæki. Mjúkt undirlag eins og komið er í mörgum leik- og grunnskólum.
- Klifursvæði
- Þarf að laga þau leiktæki sem fyrir eru, t.d. kastalann og netin á fótboltamörkunum
- Net á malbikaða völinn fyrir tennis, badminton eða blak
- Merkja svæði betur
- Borð með áföstum bekkjum
- Mála skákborð á stéttina og útbúa stóra taflmenn

Skólalóðin – hugmyndir frá krökkum í 2. bekk, kennara og stuðningsfulltrúa:

- Það væri gaman að fá aparólu
- Það væri hægt að mála taflborð á skólalóðina
- Klifurgrind og rennibraut
- Setja kofa á lóðina
- Rísaróla eða bara fleiri rólur
- Það væri kósí að hafa hengirúm
- Getum við stækkað kastalann? Það má alls ekki taka hann af skólalóðinni
- Þrautabraut
- Það væri sniðugt að hafa vatnsbrunn á lóðinni þegar við erum þyrst
- Fleiri bekki á skólalóðina
- Snúningstæki
- Fyrir framan stofu A3 er gríðarlega mikið grenitré. Okkur væri alveg sama þó það færi, girðingin mætti hins vegar vera áfram. Við gætum nefnilega hugsað okkur að setja upp bekki og útielhdús (gjarnan smíðað í tálgeríinu hjá Hönnu Dóru) í beðinu sem grenitréd er í. Nokkrir gamlir pottar og sleifar gætu verið geymdir inni og þeir svo teknir með út ef einhver vill fara í búleik. Ef grenitréd má ekki fara væri alla vega gott að taka neðstu greinarnar burt svo við sjáum út og fáum birtu inn.
- Steinarnir við HK-húsið eru ekki á skólalóðinni en þeir hafa óþarflega mikið aðdráttarafl.

Smáraskóli

Í samráði við stjórn foreldrafélagsins og fulltrúa foreldra í skólaráði voru dregnir fram hlutir í fimm liðum sem sátt er um að séu í forgangi þegar kemur að endurhönnun og endurnýjun skólalóðarinnar og nánasta umhverfi hennar.

1. Vinna þarf að betri hönnun á leiksvæði yngstu barnanna sem er norðan við skólann. Á það svæði þurfa að koma leiktæki sem henta nemendum í 1. – 4. bekk m.a. kastali og fleiri tæki sem henta þessum aldri. Ríkur vilji er til þess að þetta svæði sé í forgangi!
2. Færa þarf sparkvöll inn á lóð skólans. Meðfylgjandi eru m.a. athugasemdir frá foreldrum vegna árekstra sem orðið hafa á milli þeirra sem stunda brettavöllinn og svo þeirra sem stunda sparkvöllinn. Erfitt og kostnaðarsamt er fyrir skólafyrvöld að tryggja ávallt gæslu á sparkvöllinum þar sem hann er langt frá skólalóðinni og í hvarfi vegna staðsetningar húss sem nú hýsir leikfangasafn fyrir dagmæður í Kópavogi. Brýnt að hægt sé að verða við þessu sem fyrst.
3. Útikennslusvæði sem teiknað er inn á ofangreint skipulag af skólalóðinni sem gert var af Landmótun sf. 25.10.2010 er vel heppnuð hugmynd og vilji er til þess að hægt sé að fara í framkvæmdir á því svæði fljótlega (sjá mynd og teikningu í fylgiskjali).
4. Girða meðfram vestari hlið skólalóðarinnar við göngustíg sem snýr að íþróttamannvirkjum Breiðabliks (sjá mynd). Að okkar mati er mikilvægt að afmarka betur skólalóðina á þessum kafla heldur en nú er.
5. Mikill vilji er til þess í skólasamfélaginu að fá Hreystivöll á auða svæðið á milli skólans og íþróttamannvirkja Breiðabliks (sjá mynd). Sú staðsetning hentar einkar vel fyrir Hreystivöll þar sem hún er í miklu nábýli við önnur íþróttamannvirki í dalnum og svo að segja í hjarta bæjarins ☺
Slíkur völlum myndi nýtast nemendum skólans, íþróttafólki Breiðabliks sem og öllum almenningi í bænum vel. Uppbygging á Hreystivelli styður líka án efa vel við lýðheilsustefnu skólans og Kópavogs. Þess má geta að Smáraskóli hefur verið þátttakandi í verkefninu Heilsuefandi grunnskólar síðastliðinn fjögur ár með góðum árangri.

Lindaskóli

Hugmyndir þessar hafa verið unnar í samráði við nemendur, starfsmenn og foreldra í Lindaskóla.

Svæðið í kringum Lindaskóla er fjölbreytt og býður upp á marga möguleika til að byggja upp skemmtilega skólalóð þar sem við höfum bæði flatlendi og brekkur. Eftirfarandi tillögur koma frá okkur í Lindaskóla til þessa að gera skólalóðina okkar að „skemmtilegri skólalóð“.

- Uppfæra körfuboltavöllinn (væri frábært að fá völl eins og þann sem er á skólalóðinni hjá Smáraskóla)
- Laga mörkin á malbikaða fótboltavellinum
- Afmarka malbikuðu fótboltavellina betur með merkingum eða grindverki
- Mála velli á skólalóðina eins og pógó, brennó, kúló og parís
- Fá aparólu á svæðið við hreystibrautina. Færa þá hin tækin sem eru fyrir á tækjasvæðið hinum megin við skólann. (Galtalindarmegin)
- Færa hjólabrettarampinn og stöngina. Fá eina lága körfu á það svæði. Þá verður þar góð brekka til að renna sér í
- Lækka háu körfuna sem er á bak við skólann (Galtarindarmegin)

- Útitafl
- Það mætti endurhanna svæðið þar sem útibekkir/tréstangir eru til þeir nýtist betur. Jafnvel setja þá saman í hring. Þá geta fleiri setið saman og spjallað (eldri nemendur 6. -7. bekkur).
- Laga grindverk við skólann
- Lagfæra þarf svæði fyrir ofan skólann þar sem klettarnir eru
- Bæta við bekkjum við skólann
- Nemendur hafa kvartað töluvert undan sparkvellingum eftir að svarta kurlið var tekið og segja nýja undirlagið ekki gott. Við biðjum um að það verði skoðað.
- Aðstaða við skólann til að geyma vespur er ekki góð. Finna þarf hentugt svæði til þess

Við lýsum yfir ánægju okkar með verkefnið „Skemmtilegri skólalóðir“ og hlökkum til samstarfsins við hönnuð á skólalóðinni okkar.

Vatnsendaskóli

Nemendur létu sig dreyma um skemmtilega skólalóð með fjölbreyttum leiktækjum og eru þessar hugmyndir komnar frá bekkjarfundum þeirra.

Fleiri og fjölbreyttari leiktæki eru á óskalista nemenda:

- Að fá betri og/eða annan körfuboltavöll (svartar gúmmihellur og/eða hitalögn svo ekki festi snjó og klaka).
- Handboltavöll.
- Kastala, hoppukastala.
- Köngulóarvef.
- Klifurvegg, betra/stærri klifurtæki.
- Niðurgrafið trampólín.
- Skólahreystibraut.
- Fleiri rólur / körfurólu, aparólu.
- Snúningstæki.
- Litla kofa.
- Rennibraut.
- Sleðabraut (afmarkaða og sem öruggasta).
- Stór róla eins og í Hörðuvallaskóla (köngulóarróla).
- Undirhita á grasvöllinn/fótboltavöllinn.
- Skatepark/hjólabraut/þrautabraut – fyrir bretti og hjól.
- Annan fótboltavöll eins og þann sem fyrir er.
- Útikennslustofa.

Skólalóð Vatnsendaskóla er fremur hálend og skapast því víða hættu á lóðinni sérstaklega í brekkunni þar sem börnin renna sér og fljúga fram af klöppum. Þar þyrfti að girða eða planta trjám til að koma í veg fyrir að börnin slasi sig.

Leiktækin okkar þurfa öll viðhald og kom það vel fram í síðustu úttekt á skólalóðinni sem gerð var á síðasta ári. Við teljum einnig mikilvægt að auka öryggi barnanna með því að girða lóðina af, sérstaklega við Vatnsendavegin og meðfram göngustíg í brekkunni. Ganga má betur frá svæðum meðfram skólahúsinu að ofanverðu og undir brekkunni. Þar myndast víða drullusvæði sem betur þarf að jarðvegsbinda (t.d.malbika). Snyrtileg og örugg skólalóð með fjölbreyttum leiktækjum er draumur okkar í Vatnsendaskóla.

Hörðuvallaskóli

Á fundi skólaráðs Hörðuvallaskóla 4. febrúar 2016 var tekið fyrir erindi þitt er varðar tillögur að bættum og skemmtilegri skólalóðum í Kópavogsbæ. Umhverfisnefnd skólans og stjórn foreldrafélagsins hafa fjallað um erindið. Samþykkt var að koma eftirfarandi á framfæri:

Það er mat aðila að skólalóð skólans er of lítil til að anna þeim fjölda sem ætlað er að nýta hana og því þarf að marg skipta á hópinn frímínútum og gerir annað skipulag erfiðara.

Stækkun sú sem gerð var fyrir tveimur árum var til bóta þó leiktækin sem komu hafi ekki endilega verið þau sem við hefðum óskað eftir. Leiktæki sem við leggjum til að sett verði upp eru:

Baugakór:

- Skólahreystibraut.
- Kjöfuboltavöll sambærilegan og er í Smáraskóla og hafa hann afgirtan.
- Þrautabraut.
- Mála á velli París og brenniboltavöll.

Kórinn:

- Hjólabrettabraut.
- Kjöfuboltavöll (körfur).
- Heimild til að nýta gerfigrasvöllinn í frímínútum.

Umhverfisnefnd skólans hefur skoðað skólalóðir annars staðar og vill benda á lóðir við Ölduselsskóla og Seljaskóla sem nefndin telur mjög góðar.